

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Samantekt úrskurða 2002

Mál nr. 2/2002

M og Vátryggingafélagið (V) v/slysatryggingar launþega og frjálsrar ábyrgðartryggingar (F) v/ slyss.

Slys þegar plastflaska sprakk þ. 26.4. 2000

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.1.2002. ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 1126/01
3. Lögreglu/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf V dags. 17.1.2002.
5. Tölvupóstur frá starfsmanni F dags. 4.1.2001.

Málsatvik.

M slasaðist þegar plastflaska áfyllt þurrís og vatni sprakk. Vitnum og aðila ber saman um það að M hafi ásamt vinnufélaga sínum sett þurrís sem þeir fengu um borði í flugvél í skál og síðan blandað vatni saman við þannig að þykk reykufu myndaðist síðan hafi þeir mulið nokkra mola af þurrísnum ofan í hálfis líters plastflösku og látið renna vatn ofan í og sett tappa á flöskuna og skrúfað hann fastan og settu hana síðan frá sér þar sem þeir M og vinnufélagi hans töldu að flaskan mundi springa en hún hafi þanist út án þess að springa og því hafi M hrist flöskuna og þá hafi flaskan sprungið og slysið orðið. M orðaði það þannig að hann og vinnufélagi hans hafi í umrætt sinn farið að leika sér með ísinn og segir M að þeir hafi fyrst sett ís ofan í plastflösku og sett hana við útidyr og tappinn hafi skotist af þeirri flösku og flaskan þeyst um eins og þegar lofti sé hleypt úr blöðru og segir M að öllum hafi þótt það fyndið þegar flaskan þeyttist um með þessum hætti. M segir að þeir félagarnir hafi því ákveðið að endurtaka leikinn og hafi hann nokkru eftir að þeir settu þurrísinn og vatnið í flöskuna tekið hana upp og þá hafi hún sprungið með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Vinnufélagi M segir að í umrætt sinn hafi M hrist flöskuna og hent henni upp í loftið með snúningi og síðan gripið hana og segir vinnufélaginn að hann hafi ítrekað beðið M að láta flöskuna frá sér og segir að M hafi einmitt verið að gera það þegar hún sprakk. Haft er eftir verkstjóra í ræstingardeild að engin sérstök fræðsla um efnið hefði farið fram fyrir starfsmenn ræstideildar um þurrís enda meðhöndlun hans ekki á verksviði deildarinnar. Skv. mati Vinnueftirlits ríkisins má rekja orsakir slyssins til áhættusamrar hegðunar M og vinnufélaga hans. Á umbúðum utan af þurrís sem var í ruslafötu á vettvangi og samstarfsskona M sagði að hefði verið umbúðir utan um efnið sem notað var í umrætt sinn kemur m.a. fram ritað á ensku að efnið skuli ekki setja í loftþéttar umbúðir og mynd er á umbúðunum sem sýnir sprengihættu.

M krefst bóta og segir í bréfi lögmanns hans að M hafi með engu móti mátt gera sér grein fyrir þeim hættueiginleikum efnisins sem leiddu til slyssins á það er bent að engar leiðbeiningar séu á íslensku á umbúðum þurríssins auk heldur hafi tveir verkstjórar F verið á staðnum og ekki varað við neinni hættu og telur lögmaður M að F beri fébótaábyrgð á þeim skaða sem M hafi orðið fyrir.

V hafnar bótaskyldu hvort heldur úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar. V segir að M hafi með háttsemi sinni fyrirgert rétti sínum til vátryggingabóta og hafi þær athafnir sem leiddu til slyssins með engu móti tengst starfsskyldum M. Þá vísar V

til 3. mgr.22.gr. l. nr. 117/1993 um almannatryggingar og telur auk heldur að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða. V telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna F eða ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem leitt geti til skaðabótaskyldu.

Álit.

Í umrætt sinn voru M og vinnufélagi hans að leika sér með hættulegt efni og mátti M vera ljóst áður en slysið varð að efnið gat verið hættulegt. Umbúðir utan um efnið voru með varúðarmerkingum og þó texti hafi verið á ensku þá leyndi sér ekki miðað við myndmerkingar á umbúðum að hætta gæti verið af sprengingu við það að setja efnið í loftþéttar umbúðir. M var eða mátti því vera ljóst að efnið hafði að geyma þá hættueiginleika sem að leiddi til umrædds slyss. Þá liggur fyrir að M og vinnufélagi hans höfðu áður leikið sama leikinn með aðra plastflösku og mátti M miðað við lýsingu hans sjálfs á því hvað þá gerðist gera ráð fyrir að flaskan gæti sprungið þegar henni væri lokað. Slys M verður ekki með einum eða neinum hætti tengt vinnu hans og miðað við það sem að ofan greinir þá er talið að í umrætt sinn hafi M sýnt af sér slíkt gáleysi að hann eigi ekki rétt á þeim tryggingabótum sem hér ræðir um vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega né ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 5.2.2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2002

M og Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar

Slys þegar maður datt í hálfu í útitröppum þ. 17.2.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.1. 2002. ásamt fylgiskjöllum 1-15.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 819/01
3. Bréf V dags. 27.1.2002 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M sótti námskeið í tölvuskóla og síðdegis þegar námskeiðinu var lokið og M var á leið að bíl sínum datt hann í útitröppum hússins þar sem að námskeiðið var haldið með þeim afleiðingum að hann brotnaði og hlaut af bæði tímabundna og varanlega örorku. Í útitröppunum þar sem M datt var snjór og þær hálar þannig að erfitt var að fóta sig skv. lögregluskýrslu. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu námskeiðshaldarans sem er jafnframt eigandi viðkomandi húsnæðis og bendir á að útitröppurnar þar sem slysið varð fullnægi ekki ákvæðum laga og reglugerða um hvernig umbúnaður í útitröppum skuli vera. Lögmaðurinn segir að snjóbræðslukerfi í útitröppunum sé óvirkt og hafi húseiganda borið að sjá um að tröppurnar væru hreinsaðar. V hafnar bótaskyldu þar sem að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna tryggingartaka eða vanrækslu hans við snjóhreinun og hálfkuvarnir þá hafi ekki verið um vanbúnað á fasteigninni að ræða. V bendir á að gott skyggni hafi verið í umrætt sinn léttskýjað og engin úrkoma. V bendir á að M hefði í umrætt sinn getað lagt bíl sínum á efra plani sem nemendum sé ráðlagt að leggja á og hefði hann þá ekki þurft að ganga umræddar tröppur. Þá hefði M líka getað gengið niður akstursrampann. V heldur því fram að M hafi ekki sýnt eðlilega aðgát miðað við aðstæður og beri því hvað sem öðru líður ábyrgð á því hvernig fór. Loks bendir V á að húseigandi hafi ekki vitað að snjóbræðslukerfið virkaði ekki. Skv. bréfi Byggingafulltrúans í Reykjavík dags. 4.1.2002 segir að umræddar útitröppur hafi verið skoðaðar og bent á að tröppurnar uppfylli ekki í nokkrum atriðum ákvæði þágildandi byggingarreglugerðar m.a. sé ekki handrið á tröppunum sbr. gr. 8.2.1.37 þágildandi byggingarreglugerðar.

Álit.

Í bréfi Byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 4.1.2002 kemur fram að útitröppur þær sem hér ræðir um eru ekki að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um útbúnað og frágang á slíkum tröppum sbr. þágildandi byggingarreglugerð. Mestu skiptir í þessu sambandi að ekki er handrið á útitröppunum sem veldur verulega aukinni slyshættu við aðstæður eins og þær sem voru þegar M datt í tröppunum og slasaðist. Vátryggingataki ber ábyrgð á því að tröppurnar skuli ekki hafa verið byggðar í samræmi við reglur um frágang á útitröppum. Þar sem að handrið vantar og telja verður að það skipti verulegu máli í því sambandi sem hér ræðir um ber vátryggingataki sök á slysinu. Þrátt fyrir það að hægt hafi verið að komast með öðrum og einfaldari leiðum inn í húsið svo sem bent er á af V þá breytir það ekki að umræddar útitröppur voru til almennra nota fyrir þá sem erindi áttu í húsinu og húseiganda bar að sjá til þess að frágangur þeirra væri með fullnægjandi hætti. Hins vegar þykir M ekki hafa sýnt þá aðgætni sem að krefjast mátti af honum við þær aðstæður sem að hér ræðir um og ber hann því einnig sök á slysinu. Miðað við lýsingu á aðstæðum þá mátti M gera sér ljóst að í

Því gat falist hætta að ganga niður hálar tröppur eins og umbúnaður þeirra var. Þá er heldur ekki hægt að líta fram hjá því að M gat valið aðra og hættuminni leið úr húsinu. Við mat á aðstæðum þykir því rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu en beri helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna slyssins úr ábyrgðartryggingu váttryggingartakans hjá V að hálfu en ber helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 12.2.2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2002

M

og

Vátryggingafélagið V v/brunatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu v. skemmda á eldhúsinnréttingu vegna bruna þ. 16.10. 2001

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.1.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 1033/01
3. Bréf V dags. 5.11.2001 og ljósmynd

Málsatvik.

Brunatjón varð í íbúð og skemmdir urðu á borðplötu, 3 efri skáphurðum, 2 efri skápum, ljósakappa o.fl. Í ljós hefur komið skv. upplýsingum V að ekki fást samskonar skápahurðir og voru fyrir í íbúðinni. V hefur boðið M að skipta út skáphurðum á efri skápum svo þeir líti allir eins út en M vill að skipt verði út öllum hurðum á eldhúsinnréttingunni bæði efri og neðri hurðum jafnvel þó að ekki hafi orðið tjón á þeim.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort bæta eigi M brunatjónið með því að skipta út öllum skáphurðum á eldhúsinnréttingu eða einungis efri skáphurðum. Fyrir liggur skv. upplýsingum V að ekki er hægt að fá sambærilegar skápahurðir og því kemur til með að vera munur á efri og neðri skáphurðum ef sú leið sem V leggur til verður farin. Ekki er því deilt um bótaskyldu V heldur um það hvort bótaskyldan nái til eldhúsinnréttingarinnar í heild. Verði tjón á samstæðu eins og eldhúsinnréttingu sem þeirri sem um ræðir verður tjón sem verða kann á hluta samstæðunnar ekki bætt að fullu nema að samstæðan sé með svipuðu yfirbragði og áður en tjónið varð nema annað sé beinlínis tekið fram í vátryggingaskilmálum en það er ekki gert í þessu tilviki. Þar sem fyrir liggur að ekki er hægt að fá sambærilegar skápahurðir og fyrir eru ber V að bæta M tjónið með því að kosta skipti á öllum hurðum í eldhúsinnréttingunni svo sem M fer fram á til að um sambærilegar skápahurðir sé að ræða og samskonar yfirbragð.

Niðurstaða.

V ber að bæta M tjón sitt með því að kosta skipti á öllum skáphurðum í eldhúsinnréttingu.

Reykjavík 6.2.2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2002

M v/bótakröfu um afnotamissi og Vátryggingarfélagið V v/ábyrgðartryggingar bifreiðar

Ágreiningur um afnotamissi í kjölfar áreksturs þann 02.09. 2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.01. 2002.
2. Bréf Neytendasamtakanna, dags. 09.10. 2001 og 04.10. 2001.
3. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 11.01. 2001.
4. Leigusamningur, dags. 03.09. 2001.
5. Reikningur vegna bílaleigu.
6. Greinargerð málskotsaðila, dags. 29.09. 2001.
7. Reikningar vegna þústþjónustu og viðgerðar.
8. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2002.
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1085/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Málskotsaðilinn lenti í árekstri þann 02.09. sl. Ekki er ágreiningur um tildrög eða sakarskiptingu, málskotsaðilinn (M) var í fullum rétti. Ágreiningur er um rétt hans til greiðslu bóta vegna afnotamissis bifreiðar hans og hvort viðgerð á þústkerfi hafi verið bætt að fullu.

Óumdeilt er að viðgerð á bifreiðinni tók 11 daga og hefur félagið fallist á að greiða kostnað af bílaleigubíl í þann dagafjölda, sem það telur vera eðlilegan viðgerðartíma. Daginn eftir óhappið mun M (tjónþoli) hafa ætlað að leggja upp í “fyrirfram skipulagða” ferð innanlands og fór hann í þá ferð á bílaleigubíl “enda þótt þá hafi tjónaskýrslu ekki verið skilað inn og bótaskylda hafi ekki legið formlega fyrir” að sögn félagsins. Félagið telur ósannað að hann hafi skýrt frá þessari fyrirætlan sinni. Bifreiðinni hafi verið ekið 2.908 km í ferðinni sem samsvari 264 km á dag. Félagið telur sér óskýlt að greiða bætur fyrir afnotamissi umfram 100 km á dag og hefur því fallist á greiðslu 1100 km en tjónþoli telur sig eiga rétt á greiðslu að auki fyrir þá 1808 km sem eftir eru.

Vátryggingafélagið telur að samkvæmt reglum skaðabótaréttar eigi tjónþoli ekki rétt til greiðslu frekari bóta fyrir afnotamissi. Það telur keyrslu tjónþola langt umfram það sem eðlilegt geti talist sem tjónvaldur hafi með sanngirni mátt gera ráð fyrir. Félagið telur viðmiðun sína um 100 km á dag eðlilega. Hvert tilvik verði þó að skoða sérstaklega með hliðsjón af reglum um orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Félagið staðhæfir að tjónþola sé jafnan gerð grein fyrir takmörkun þessari af starfsmönnum félagsins eða bílaleigu. Félagið telur að tjónþolinn hafi ekki haft samráð við félagið um umframakstur sinn og hann sé því félaginu óviðkomandi. Hann hafi heldur ekki sýnt fram á nauðsyn þess mikla aksturs sem hér um ræðir.

Vátryggingafélagið kveðst hafa greitt bætur fyrir viðgerð á bifreiðinni. Það telur framlagðan reikning sem tjónþoli byggir kröfu sína á ekki tilkominn vegna tjónsins og hann sé því félaginu óviðkomandi.

Málskotsaðilinn (M) vísar til þess að hann hafi ætlað að fara í umrædda sumarferð. Hann telur að félagið eigi að greiða kostnað vegna þessa að fullu. Notkun bifreiðarinnar megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. Hann staðhæfir að hann hafi ekki verið upplýstur um að akstur bílaleigubifreiðarinnar væri takmarkaður við ákveðinn kílómetrafjölda. Hann vísar til 3. mgr. 58. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 um upplýsingaskyldu

vátryggingafélagsins. Hann telur að sumarfrí sé hluti af eðlilegu lífi fólks og innan marka sennilegra afleiðinga. Hann telur að “þumalfingurregla” félagsins sé ósanngjörn og brjóti í bága við reglur skaðabótaréttarins.

M fjallar og um ágreining sinn við félagið um hvort fullnægjandi viðgerð á þústikerfi bifreiðarinnar hafi farið fram. Hann telur að félagið hafi ekki bætt að fullu það tjón sem varð.

Álit.

Samkvæmt samþykktum Úrskurðarnefndarinnar fjallar hún ekki um bótafjárhæð nema að fengnu samþykki aðila. Vátryggingafélagið samþykkir ekki að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í málinu “heldur aðeins hvort greiðsluskylda sé fyrir hendi og að hve miklu leyti.”

V segir M hafa farið í áður ákveðna ferð innanlands á bílaleigubíl þrátt fyrir að þá hafi tjónaskýrslu ekki verið skilað inn og bótaskylda því ekki legið formlega fyrir eða verið samþykkt. V segir að M hafi ekki greint félaginu frá þeirri fyrirætlun sinni eða haft samráð við félagið um ofangreinda notkun bílaleigubifreiðarinnar. V telur því að um verulegan umframakstur sé að ræða sem V sé óviðkomandi. Þá heldur V því fram að M hafi heldur ekki sýnt fram á nauðsyn þess mikla aksturs.

Nefndin telur að M hafi átt að upplýsa félagið um fyrirhugaða notkunar bílaleigubifreiðarinnar sem var óvenjulega mikil. Gegn neitun félagsins er ósannað að M hafi gert V fullnægjandi grein fyrir fyrirhugaðri notkun bifreiðarinnar en það hefur þau áhrif að ekki er hægt að leggja greiðsluskyldu á V vegna skorts á upplýsingagiöf til M. Ekki hefur því verið sýnt fram á eða réttlætt af hálfu M að hann eigi rétt á frekari bótagreiðslum vegna afnotamissisins en V hefur þegar boðið. Í tengslum við upplýsingaskyldu félagsins um afnotamissi má geta þess að fyrirliggjandi upplýsingabæklingur félagsins, tekur ekki á því álitaefni sem hér er til umfjöllunar. Bæklingurinn geymir einungis takmarkaðar upplýsingar um raunverulega réttarstöðu aðila.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á fyllri bótum vegna viðgerðar á þústikerfi bifreiðarinnar. Umfjöllun hans um þetta atriði er takmörkuð og óskýr.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á fyllri bótagreiðslu vegna máls þessa.

Reykjavík 26. febrúar 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2002

M
og

Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómatryggingar, tjónsdagur er í janúar 2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.01. 2002, ásamt fylgiskjölum merktum nr. 1 – 18 þ. á m. umsókn um sjúkdómatryggingu, læknisvottorð, vátryggingarskilmálar.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2002.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 832/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Málskotsaðilinn (M) lætur þess getið að vátryggingafélagið hafi hafnað að greiða vátryggingabætur vegna alvarlegs hjartasjúkdóms sem greindist í janúar 2001 og varð til þess að M þurfti að fara í hjartaaðgerð vorið 2001. Vátryggingin var tekin á árinu 2000, umsókn er dags. 28.08. 2000.

M telur að hann hafi ekki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 6. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, fremur eigi 7. gr. sömu laga við og að alveg sé ljóst að háttsemi hans falli ekki undir stórkostlegt gáleysi. M kveðst hafa verið í góðri trú “enda tryggingaráðgjafinn starfandi í þeim banka sem tjónþoli var þjónustufulltrúi í á þeim tíma er tryggingarnar voru keyptar sem liður í heildarendursloðun á tryggingum fjölskyldunnar. Það hefði verið eðlileg vinnubrögð hjá tryggingaráðgjafanum að fara vel yfir spurningalista um heilsufar og að aflað væri gagna frá læknum, en eins og sést á umsókninni spurði tryggingaráðgjafinn ekki einu sinni um hver væri heimilislæknir tjónþola.” M vísar og til 36. gr. samningalaga liði a-e. Hann telur að “tjónþoli megi treysta á tryggingaráðgjafann sem fagmann í tryggingasölu.” Hann telur að túlka beri allan vafa tjónþola í hag “vegna þess hvernig þessi samningur var kynntur tjónþola.

Vátryggingafélagið hafnar bótakröfu vegna ónógra upplýsinga við tryggingatöku. Félagið ber fyrir sig 6. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í umsókn um sjúkdómatryggingu hafi öllum spurningum um hvort umsækjandi hafi farið í læknisrannsóknir eða verið undir lækniseftirliti verið svarað neitandi sbr. svör við spurningum 6.4, 6.6.a, og 6.6.d. Við gagnaöflun hafi annað komið í ljós, sem rakið er nánar í bréfi félagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2002. Félagið kveðst því ekki hafa fengið tækifæri til þess við tryggingartökuna að meta þau gögn sem þá lágu fyrir um heilsufar umsækjanda. Samkvæmt vinnureglum félagsins hefði það ekki samþykkt töku sjúkdómatryggingar ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir. Félagið telur að svör M hafi reynst ófullnægjandi til þess að það gæti með réttu áhættumetið samninginn, “þar sem í engu var greint frá læknisrannsóknum eða eftirliti 1998 og 1999, og félagið því ekki í aðstöðu til þess að afla gagna um niðurstöður sem lágu fyrir.”

Álit.

Mikilvægt er við töku vátrygginga að umsækjandinn veiti félaginu réttar upplýsingar og að engu sé haldið eftir sem ætla má að skipti máli. Umsækjandinn verður hverju sinni að fara ítarlega yfir þær spurningar sem fram koma í vátryggingaumsókn og svara þeim ítarlega, eftir atvikum hverju sinni. Lög um vátryggingarsamninga gera kröfu til þess að vátryggingartaki haldi ekki eftir upplýsingum sem máli skipta. Mikilvægt er að vátryggingafélagið geti áhættumetið þá vátryggingu sem um er að ræða. Þetta á ekki hvað síst við um líf- og sjúkdómatryggingar sem alla jafnan eru til langs tíma.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingarsamninga er þess getið að hafi váttryggingartaki gefið rangar upplýsingar, en öðruvísi stendur á en segir í 4. og 5. gr. sömu laga, er félagið laust mála ef ætla má að það hefði ekki tekið á sig váttrygginguna hefði það haft rétta vitneskju um málavexti.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum telur nefndin að umsækjandinn (M) hafi veitt félaginu rangar upplýsingar í váttryggingaumsókn sinni. Nefndin telur að umrædd 6. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi við í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs hefur M ekki sýnt fram á að höfnun váttryggingafélagsins á greiðslu bóta samrýmist ekki 6. gr. laga um váttryggingarsamninga og vinnureglum félagsins. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. febrúar 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2002

M

og

V v/ábyrgðartryggingar M

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna slits á ljósleiðarastrengs 4.7.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.2.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 43/02
3. Lögregluskýrsla dags.4.7.2001
4. Skýrsla Landssímans v.ljósleiðaraframkvæmda ódags.
5. Bréf Búnaðarsamtaka Vesturlands dags. 14.12.2001.
6. Bréf og greiðsluseðlar frá Landssímanum.
7. Bréf V dags. 2.1. og 6.3.2002.
8. Tjónstilkynning 16.8.2001.

Málsatvik.

M sleit ljósleiðarastreng við Gufuá í Borgarfirði. Skv. málskoti og framlögðum gögnum er ekki ágreiningur um bótaskyldu M. V hefur viðurkennt bótaskyldu. Ágreiningur í málinu snýst um að M telur að krafa Landssímans um viðgerð á ljósleiðarastreng að fjárhæð kr. 2.520.638,50 sé allt of há.

Álit.

Skv. samþykktum fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum 3.gr. fjallar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytanda og váttryggingafélags nefndin úrskurðar hins vegar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila. Í máli þessu er einungis deilt um bótafjárhæð og líta verður þannig á afstöðu V í málinu að félagið samþykki að Úrskurðarnefndin úrskurði í málinu. Fyrir liggur að V hefur ekki kannað sjálfstætt hver sé eðlilegur kostnaður við viðgerð á ljósleiðara og sættir M sig ekki við að tjónþoli geri einhliða reikning fyrir tjóninu með þeim hætti sem fyrir liggur í málinu en sá reikningur er hár miðað við aðstæður og verður M að bera 10% heildartjónsins sökum sjálfsábyrgðar og hefur því gilda hagsmuni af að véfengja afgreiðslu sem þessa. Þrátt fyrir það að Úrskurðarnefndin telji að skilyrði séu fyrir hendi sbr. ofangreint til að úrskurða um bótafjárhæð í þessu tilviki þá eru gögn málsins með þeim hætti og krafa M svo óskýr að Úrskurðarnefndin telur málið ekki tækt til úrskurðar. Af þeim sökum með vísan til tl. e 4.gr. samþykta fyrir Úrskurðarnefndina er málinu því vísað frá nefndinni en á það bent að skv. sama ákvæði samþykktanna skal taka mál til meðferðar að nýju skv. málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað t.d. með mati á eðlilegum viðgerðarkostnaði við ljósleiðarastrenginn og kröfugerð M skýrð frekar en fram kemur í málskoti hans.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá með vísan til 4.gr. tl. e samþykta fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík 19.3. 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna forfallatryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.02. 2002, ásamt rökstuðningi fyrir kvörtun.
2. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 13.12. 2001, 22.10. 2001, 03. 12. 2001 og 30.01. 2002 og yfirlit forfallatryggingar og skilmálar.
3. Tjónstilkynning.
4. Læknisvottorð.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila til félagsins, dags. 23.11. 2001.
6. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2002, ásamt fylgiskjölum.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1125/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Þann 23.08. sl. keypti málskotsaðilinn (M) og eiginmaður hennar ferð erlendis hjá ferðskrifstofu og var brottför fyrirhuguð 17.09. sl. Við bókun ferðarinnar seldi starfsmaður ferðaskrifstofunnar þeim forfallatryggingu félagsins. Viku fyrir brottför bárust fréttir af hryðjuverkunum í Bandaríkjunum þann 11.09. sl. og í framhaldi þessa treysti vátryggður (M) sér ekki í ferðina. Samkvæmt læknisvottorði komst hann ekki í ferðina vegna langvinnis þunglyndis, sem hafi tekið sig upp hinn 11.09. sl., líkt og segir í bréfi félagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. sl. M er ellilífeyrisþegi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til skilmála þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki tjón sem verða vegna sjúkdóms sem vátryggður var haldinn er vátryggingin var keypt. Félagið telur að hér sé um hlutlæga ábyrgðartrakmörkun að ræða vegna virkra sjúkdóma. Það telur að meginorsök þess að vátryggður komst ekki í ferðina hafi verið langvinn veikindi sem hann hafi verið haldinn áður en vátryggingin var keypt. “Breyti þar engu þótt tjónþoli kveði nú fyrst í málskoti að orsökkin hafi verið flensa.” Félagið telur að ekki sé um að ræða skyndilegan alvarlegan sjúkdóm í skilningi a-liðar 1. gr. skilmála. Félagið kveðst hafa undanþegið sig ábyrgð vegna tjóns af völdum þunglyndis, hefði því verið gerð grein fyrir því sbr. 7. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Það hafnar greiðsluskyldu, einnig vegna maka málskotsaðila.

M telur að hann hafi verið beittur órétti af hálfu félagsins. Hún hafi fengið slæma flensu hálfum mánuði fyrir brottför en ekki leitað læknis. Hún hafi verið haldin þunglyndi frá unga aldri og verið í læknismeðferð vegna þessa. Þegar atburðirnir hafi orðið í Bandaríkjunum fáeinum dögum fyrir brottför hafi henni fallið “allur ketill í eld.” Þar sem hún hafi ekki verið búin að ná sér vegna flensunnar hafi hún verið “mjög miður mín og allsendis ófær um að takast þessa ferð á hendur.” Hún telur bótaskyldu vera fyrir hendi.

Álit.

Samkvæmt e-lið 5. gr. skilmála bætir vátryggingin ekki tjón sem verður vegna sjúkdóms sem vátryggður var haldinn er vátryggingin var keypt. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að vátryggður hafi verið haldinn sjúkdómi fyrir brottför sem hann hefði átt að upplýsa um. Þá er ósannað að flensa hafi komið í veg fyrir að hann hafi ekki getað farið í umrædda ferð. Samkvæmt a-lið 1. gr. skilmála bætir vátrygging þann hluta fargjalds sem greiddur hefur verið og ekki fæst endurgreiddur ef vátryggður getur ekki farið í fyrirhugaða ferð vegna skyndilegs alvarlegs sjúkdóms. Skilyrði um skyndilegan alvarlegan sjúkdóm er ekki uppfyllt í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs og fyrirbyggjandi gagna er bótaábyrgð forfallatryggingar ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt forfallatryggingu.

Reykjavík 19. mars 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bónda.

Skemmdir á bifreið af völdum hunds.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 18.2.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna.
3. Tjónstilkynning.
4. Bréf B-hrepps, dags. 13.2.2002.
5. Bréf X dags. 7.1.2002 og 7.3.2002.
6. Samþykkt um hundahald í B-hreppi.

Málsatvik.

Þann 14.11.2001 varð það atvik að hundur í eigu A, bónda að D, B-hreppi, olli tjóni á bifreið í eigu M, þar sem hún stóð við heimili hennar að E, næsta bæ við D. Í tjónstilkynningu vegna atviksins segir að hundur í eigu A hafi farið að elta köttinn á E og hafi kötturinn hlaupið undir bifreið M, þar sem, hún stóð á plani fyrir framan húsið að E. Við að reyna að ná kettinum hafi hundurinn nagað og klórað framenda bifreiðarinnar. M hefur lýst atvikum efnislega á svipaðan veg.

Álit.

Í bréfi B-hrepps, dags. 13.2.2002, segir að staðfest sé að lausaganga hunda sé bönnuð í B-hreppi samkvæmt samþykkt hreppsnefndar. Samkvæmt d)-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í B-hreppi, sem staðfest var af heilbrigðis- tryggingamálaráðuneytinu, skal hundur, sem sveitarstjórn hefur veitt leyfi fyrir, aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Í sama ákvæði er almannafæri nánar skýrt sem skipulagt þéttbýli. Í samþykktinni er ekki að finna ákvæði um að lausaganga hunda sé almennt bönnuð í hreppnum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið til hvaða samþykktar er vísað í fyrrnefndu bréfi hreppsins, þar sem staðfest er að lausaganga sé bönnuð í hreppnum. Verður að skýra efni bréfsins með hliðsjón af umræddri samþykkt um hundahald.

Hundur sá er tjóninu olli á bifreið M í umrætt sinn gekk ekki laus á almannafæri í skilningi samþykktarinnar um hundahald í hreppnum. Þá verður heldur ekki séð að ferð hundsins að bifreiðinni og það tjón sem hann olli á henni megi rekja til þess að farið hafi verið á svig við téða samþykkt eða eftirlit með hundinum hafi verið vanrækt þannig að virt verði A til sakar. Eru því ekki talin vera fyrir hendi skilyrði til að leggja bótaábyrgð á A vegna þess tjóns sem M varð fyrir.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 19. mars 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2002

**M
og
V v/áb.tryggingar K
og S/vegna kaskótryggingar.**

Umferðaróhapp þegar bifreið skemmdist við að aka yfir hraðahindrun þ.26.10.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.2. 2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 128/02
3. Lögreglu/Tjónaskýrsla dags.
4. Yfirlýsing J. P. dags. 28.11.2001.
5. Ljósmyndir
6. Úr dagbók lögreglu þ.26.10.2001.
7. Yfirlýsing dags M. G. 19.2.2002.
8. Bréf S h.f. dags. 8.3.
9. Bréf V h.f. dags. 23.1. og 6.3. 2002.

Málsatvik.

M ók yfir hraðahindrun og við það varð bifreið hans fyrir tjóni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V og telur tjónið einnig bótaskyld úr kaskótryggingu sinni hjá S. Skv. upplýsingum í yfirlýsingu J. P. segir að greinilega sé merkt að með umferðarskilti að um umferðarhindrun sé að ræða og þá sé hámarkshraði þarna 30 km. og telur J. að K beri ekki bótaábyrgð v. tjóns M. V hafnar bótaskyldu og telur hraðahindrunina ekki frábrugðna öðrum slíkum en telur skilti illa staðsett. S hafnar bótaskyldu með vísan til gr. 2.4. váttryggingaskilmála fyrir kaskótr. M hjá S.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að hraðahindrun sú sem hér ræðir um sé frábrugðin öðrum slíkum. Þá er ekki sýnt fram á að hraðahindrunin sé gerð með þeim hætti að hún geti miðað við það sem hér um ræðir bakað K bótaskyldu. Með vísan til gr. 2.4. váttryggingaskilmála M hjá S er tjón M ekki bótaskyld úr kaskótryggingu hans hjá S. M á því hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V eða úr kaskótryggingu sinni hjá S.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V né úr kaskótryggingu sinni hjá S.

Reykjavík 19.3. 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 56/2002

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/sumarhúsatryggingar (vatnstjónstrygging)

Vatnstjón í sumarhúsi á tímabilinu ágúst 2001 til janúar 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.03. 2002.
2. Greinargerð M, dags. 25.02. 2002, vegna málskotsins.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 25.03. 2002, ásamt afriti af bréfi félagsins, dags. 04.02. 2002, tjónstilkynningu, dreifibréfi félagsins, dags. í janúar 2001, og afriti vátryggingaskilmála.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 142/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var mikið tjón á sumarhúsi M og innanstokksmunum þegar neysluvatnslögn fyrir heitt vatn brast. Tjónið uppgötvaðilst ekki fyrr en í janúar 2002 en þá hafði bústaðurinn verið mannlaus í u.þ.b. 6 mánuði.

Niðurstaða skoðunarmanna félagsins var sú að vatnslögn hafði rifnað vegna frosts. Félagið telur að M hafi virt að vettugi varúðarreglu skilmála sem kveður á um að það sé skilyrði bótageiðslu sem verður á tímabilinu 01.10. til 30.05. að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna (heitt og kalt vatn) og þær ásamt viðtengdum tækjum tæmdar. Félagið telur óumdeilt að ekki var lokað fyrir aðstreymi né kerfið tæmt meðan húsið var ekki í notkun. Félagið telur að rekja megi tjónið til þess að varúðarreglu skilmála hafi ekki verið fylgt. Það telur að orsakatengsl séu á milli tjónsins og vanrækslu M á því að gæta eðlilegrar varúðar og því beri að hafna greiðsluskyldu.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi. Hann telur ókunna ástæðuna fyrir því að umrædd lögn gaf sig svo og hvenær það hafi verið. Hann kveðst og ekki hafa fengið tilkynningu frá félaginu um þá varúðarreglu sem hér um ræðir.

Álit.

Miðað fyrirliggjandi gögn fékk vátryggður tilkynningu frá félaginu um að það hafi tekið upp umrædda varúðarreglu skilmála. Hún var því í gildi á tjónsdegi.

Með vísan til nefndrar varúðarreglu vátryggingaskilmála, um lokun fyrir vatnsaðstreymi, er bótaskylda ekki fyrir hendi í máli þessu. Vátryggður (M) vanrækti skyldu sína samkvæmt skilmálum og ósannað er að tjónið megi ekki rekja til þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 60/2002
M
og
V v/frjálsrar áb.tr. D

Vinnuslys þegar maður datt af þaki þegar verið var að mála þ. 30.10.2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 8.3.2002. ásamt meðf. gögnum nr. 1-8
2. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 856/01
3. Bréf V dags. 2.4.2002 ásamt fskj. nr. 1-5

Málsatvik.

M gaf skýrslu hjá lögreglu um slysið þ. 18.5.2001 en slysið var hvorki tilkynnt lögreglu né vinnueftirliti. M segist hafa verið að vinna hjá D og verið settur til að mála þak ásamt öðrum manni og hafi þeir ekki verið í öryggisböndum og hafi hann stigið á nýmálaðan blett með þeim afleiðingum að hann rann til og féll fram af brún þaksins niður í malarruðning og var fallið að mati M um þrjú metrar og segir M að hælbein hægri fótar hafi brotnað við fallið. D segir að skúrinn sem að M var að mála í umrætt sinn hafi verið 2-2.5 metra hár. Í áverkavottorði dags. 21.11.2001 kemur fram að M hafi dottið úr tröppum við vinnu eða nánar “var að ganga í tröppum þegar hann skellur illa niður á hæl og brotnar”. Í tjónstilkynningu dags. 27.7.2001 kemur hinsvegar fram sú lýsing sem að ofan greinir þ.e. að M hafi dottið af þakinu. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu D hjá V. Í bréfi lögmanns M kemur fram að D hafi borið ábyrgð á vinnulagi og aðbúnaði á vinnustað og borið að tryggja öryggi starfsmanns en ekki hafi verið neinar fallvarnir og ósannað að erfitt hafi verið að koma þeim við, öryggi hafi því verið ábótavant að mati lögmannsins þá sé ekki hægt að hafna bótaskyldu á þeirri forsendu að M hafi unnið hjá D um nokkurt skeið. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi starfað hjá D um 30 ár og hafi því mikla reynslu og hæfi til að meta aðstæður. Halli á því þaki sem um ræðir sé um 20-25 gráður og aldrei hafi komið til álita að setja upp vinnupalla eða sérstakar fallvarnir enda ekki talin þörf á því og það verði ekki metið D til sakar eða verkstjóra við umrætt verk sem hafi falið einum reyndasta starfsmanni D að vinna verkið

Álit.

Nefndin kannaði aðstæður á vettvangi eftir að hafa fengið viðbótargögn frá V m.a. ljósmyndir af skúrnum sem M var að mála í umrætt sinn. Ekki verður á það fallist að D hafi borið í umrætt sinn miðað við aðstæður að setja sérstakar fallvarnir eða láta starfsmenn vera í öryggisböndum. Hæð skúrsins er það lítil og þakhalli það takmarkaður að ekki var þörf á sérstökum öryggisráðstöfunum miðað við það að vanir starfsmenn ynnu það verk sem um var að ræða. Ekki er því um sök að ræða hjá D eða starfsmönnum D og því ekki um bótaskyldu V að ræða vegna slyss M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 9.4. 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2002

M
og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (innbúslíður)

Ágreiningur um réttarstöðu vegna þjófnaðar muna úr bifreið þann 14.01. 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.03. 2002.
2. Skýrslur lögreglu og tilkynning um stolna bifreið.
3. Bréf vátryggingafélagsins dags. 14.01. 2002.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.04. 2002.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 171/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreið M var stolið og notuð við innbrot í verslun. Innbú sem var í bifreiðinni var einnig stolið.

M telur viðurkennt að bifreiðinni hafi verið stolið en að félagið neiti að greiða innbú sem í bifreiðinni var þar sem ekki voru ummerki eftir innbrot. Hann telur ekki unnt að líta svona þröngt á málið heldur verði að skoða málið í heild sinni “þ.e. bílnum var stolið auk innbúsins og bíllinn var notaður síðar í rán og þar sem greinilega er um innbrot/stuld að ræða þá ætti þetta að vera bótaskyld.”

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið getur þess að því hafi borist listi yfir muni sem stolið var úr bifreiðinni, en samkvæmt skilmála fjölskyldutryggingar, d-lið yfirlitsmyndar, bætir vátryggingin þjófnað við innbrot í læsta íbúð, bifreið o.fl. sbr. nánar ákvæðið, en skilyrði greiðsluskyldu sé að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Við tjónaskoðun hafi engin ummerki verið um innbrot í bifreiðina og á þeim forsendum hafni félagið bótaskyldu. Fram kemur að vátryggingartaki hafi lýst því yfir hjá félaginu að ekki sé fyllilega ljóst hvernig það atvikaðist að lykkill bifreiðarinnar var í kveikjúlás hennar þegar hún fannst. Ekki hafi komið fram sönnun á því að bifreiðin hafi verið læst þegar henni var stolið. Líklegustu skýringuna telji vátryggingartaki vera þá að hann eða eiginkona hans hafi misst lykilinn við bifreiðina kvöldið áður. Félagið telur ljóst af þessum skýringum að ekki sé um greinileg og ótvíræð merki um innbrot að ræða hvorki á bifreiðinni sjálfri eða þannig að orðið hafi viðlíka atburður varðandi hvarf lykilsins, t.d. að brotist hafi verið inn í læstar vistarverur tjónþola og lyklinum stolið og eftir það notaður til að fara inn í bifreiðina. Félagið vísar til hlutlægrar ábyrgðartakmörkunar í lið d í innbúslíð fjölskyldutryggingar þar sem fram kemur að skilyrði greiðsluskyldu vegna þjófnaðar á innbúi við innbrot sé að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn í læsta íbúð, bifreið, einkabát o.s.frv. Félagið telur tjónið því ekki bótaskyld.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var kveikjúláslykill bifreiðarinnar notaður í umrætt sinn, en hann er með innbyggða fjarstýrða samlæsingu á bifreiðinni. Ekki liggur fyrir hvernig sá sem bifreiðina tók komst yfir kveikjúláslykil hennar. Líklegustu skýringuna telur vátryggingartaki vera þá að hann eða eiginkona hans hafi misst lykilinn við bifreiðina kvöldið áður en bifreiðinni var stolið. Þegar tekið er mið af framanrituðu er ekki komin fram sönnun á því að bifreiðin hafi verið læst þegar henni var stolið.

Vátryggingafélagið vísar til þess að ekki séu komin fram greinileg og ótvíræð merki um innbrot hvorki á bifreiðinni sjálfri eða þannig að orðið hafi viðlíka atburður varðandi hvarf lykilsins að jafna megi til innbrots t.d. að brotist hafi verið inn í læstar vistarverur tjónþola og lyklinum stolið og eftir það notaður til að fara inn í bifreiðina. Samkvæmt d-lið yfirlitsmyndar fjölskyldutryggingar sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki

Þess að brotist hafi verið inn. Hér sé um svonefnda hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða og bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Ekki er unnt að virða að vettugi afstöðu félagsins til aðdraganda máls þessa og fyrirkomulag vátryggingaskilmála. Ekki er fullnægt ákvæði skilmála um greinileg og ótvíræð ummerki um innbrot þrátt fyrir að bifreiðinni hafi verið stolið og síðar notuð við innbrot í verslun. Þegar tekið er mið af framanrituðu er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt fjölskyldutryggingu.

Reykjavík 10. apríl 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2002

M

og

Vátryggingarfélagið X hf. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys í líkamsræktarstöð þann 4.10.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.3.2002 ásamt fylgiskjali og umboði.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla.
4. Tilkynning um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 4.10.1999.
5. Eftirlitsskýrsla og og umsögn VER ásamt ljósmyndum.
6. Tjónstilkynning vinnuveitanda, dags. 3.11.1999, rissmynd og tölvupóstur, dags. 5.12.2001.
7. Bréf lögmans málskotsaðila, dags. 30.12.2001.
8. Bréf X, dags. 15.12.2001 og 14.1. og 13.4.2002.

Málsatvik.

M starfaði hjá líkamsræktarstöð, sem starfrækt er af fyrirtækinu A. Þann 4.10.1999 hugðist M ná í plastglös í efri skáp í afgreiðslu líkamsræktarstöðvarinnar, en sá þá að þau höfðu bráðnað saman. Til að grafast fyrir um orsakir þessa steig hún upp á borðplötu yfir neðri skápum í um 80 cm hæð og tók með með vinstri hendi þeim megin sem vinkillaga læsingarjárn var staðsett í efri skápnum í um 210 cm hæð. Þegar hún stókk niður kræktist giftingarhringur á vinstri baugfingri í læsingarjárninu með þeim afleiðingum að hún skarst illa á fingrinum.

Engin trappa var tiltæk á vinnustaðnum sem unnt hefði verið að nota til að skoða aðstæður í skápnum í umrætt sinn. Í tölvupósti A kemur fram að nóg hafi verið að teygja sig upp í skápinn til að ná í glös. Þegar glösum var komið þar fyrir eða skápurinn þrífinn hafi starfsmenn undantekningarlaust náð sér í stól til að standa á og það hafi M einnig gert.

Álit.

M fór upp á borðplötuna til að huga að orsökum þess að plastglös höfðu bráðnað saman. Hér var um óvenjulegar aðstæður að ræða og ekki liggur fyrir að hún hafi að boði yfirmanna sinna farið upp á skápainnréttinguna með þeim hætti sem hún gerði. Venjulegur stöðugur stóll hefði komið að sama gagni og tröppur til að kanna aðstæður í skápnum. Ætla verður að slíkur stóll hafi verið tiltækur. Verður það ekki virt A til sakar þótt tröppur hafi ekki verið til á staðnum. Ekki er heldur sýnt fram á að A beri að öðru leyti fábótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

A ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 30. apríl 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89 /2002
M
og
V v/frjálsrar áb.tryggingar K

Bótakrafa v/vannýtingar á hryssum áætlaður tjónsdagur 7/12 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.8.4.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna nr. 964/01
3. Annáll fyrir tjón nr. 71-99-0677.
4. Bréf V dags. 4.10. og 15.10.2001 og 16.4.2002 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Óvanaður hestur í eigu K komst í byrjun desember 1999 á fönn úr hólfi þar sem hross K voru geymd. K mun hafa grennslast fyrir um hestinn á næstu bæjum en enginn orðið hans varir. Næst fréttist af hestinum í janúar eða febrúar 2000 en hann var þá kominn í hóp hryssa M og hafði fyljað nokkrar merar í eigu M og krefst M bóta vegna vannýtingu hryssanna í ferðamennsku og fyrir töpuð verðlaun einnar hryssunar sem var talin efnileg. Eftir M er haft að hann hafi í jan./febr. farið að gefa hestum sínum úti og orðið var við hest K. Í endaðan febrúar hafi K spurst fyrir um hestinn og fengið upplýsingar um hann en síðan dróst nokkuð að hesturinn væri sóttur og nokkru eftir það kom hann aftur og gerðist það í tvígang en eftir það mun hestinum hafa verið lógað. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu K hjá V en V hafnar bótaskyldu og bendir á að tryggingartaki hafi viðhaft eðlilegar vörslur á hrossum sínum í traustri girðingu, þá hafi 6.gr. 1. um búfjárhald frá 1991 ekki áhrif í þessu tilfalli þar sem varnir voru öruggar og eðlileg gæsla viðhöfð. Þá bendir V á að ósannað sé að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að nokkrar merar hans voru fyljaðar.

Álit.

Í 6.gr. 1. um búfjárhald nr. 46/1991 segir að graðpeningi skuli haldið í öruggri vörslu eins og nánar er tilgreint í tilvitnaðri lagagrein. Ekki hefur verið sýnt fram á að hestur sá sem hér ræðir um hafi verið geymdur í öruggri vörslu eða girðingar þær sem um er getið í málinu hafi verið fullnægjandi. Þvert á móti bendir allt til að vörslur hans hafi ekki verið sem skyldi þar sem hann sleppur þrívægis út. K gerir ekki nægjanlegar varúðarráðstafanir eftir að hann verður þess var að hesturinn er sloppinn og sækir ekki hestinn um leið og hann veit hvar hann er. Bótaskylda K er því fyrir hendi ef um tjón er að ræða. M þykir hafa farið óvarlega að eftir að hann kemst að því að ókunnugur hestur er kominn í hóp mera hans. M aðgætir ekki hvort um graðhest geti verið að ræða og gerir ekki ráðstafanir til að koma ókunna hestinum í burtu. Vegna þessa aðgerðarleysis ber M einnig sök og þykir eðlilegt að M beri þriðjung meints tjóns.

Niðurstaða.

V bæti M tjónið að 2/3 hlutum en M ber 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 14.5. 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2002

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vátryggingartaka/vinnuveitanda.

Vinnuslys þann 11.01. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.04. 2002, ásamt málskjölum merktum 1 – 5, þ. á m. ljósmyndum af slystað.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar vegna málskotsins (ranglega dagsett), þar sem hjálagt fylgdu málskjöl merkt 1 – 7.
3. Upplýsingar um niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna liggja fyrir.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M, starfsmaður vátryggingartaka, fór úr varahlutaverslun vátryggingartaka, þar sem hann vinnur, og inn í port til þess að sækja varahlut á lager fyrir viðskiptavin. Rann hann til í hálfu í tröppum, sem liggja úr lager verslunarinnar inn í portið, með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Hvorki lögreglan né Vinnueftirlit ríkisins voru kölluð á vettvang. Ráðstafanir voru gerðar á tröppunum eftir slysið m.a. handriði komið fyrir.

Af hálfu vátryggingafélagsins hefur verið fallist á skaðabótaskyldu vátryggingartaka sem nemur 2/3 hlutum vegna slyssins. Félagið telur sýnt að slysið verði að nokkru leyti rakið til vanbúnaðar stigans, sem hann beri ábyrgð á. Félagið telur að tjónþoli hafi sýnt af sér nokkurt aðgæsluleysi en hann var vanur starfsmaður með 10 ára starfsreynslu og hafði margoft farið þessa leið. Gat honum ekki dulist að hálfu gat myndast við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Honum hafi borið að sýna aukna aðgæslu við þessar aðstæður. Þá vísar félagið til þess að samkvæmt skýrslu vátryggingartaka hafi M verið í inniskóm í þetta sinn, en M hafnar því eindregið. Félagið telur rétt að skerða réttarstöðu M sem nemur þriðjung vegna eigin sakar.

M telur bótaskyldu vera fyrir hendi og að ekki eigi að skerða réttarstöðu hans vegna eigin sakar. Hann vísar m.a. til þess í gögnum málsins að hann hafi starfað eftir verklagi og fyrirskipunum frá sínum yfirmanni og að ljóst sé að hann hefði ekki orðið fyrir neinu tjóni ef vinnuveitandi hans hefði uppfyllt skyldur sínar gagnvart starfsmönnum sínum og “ekki boðið þeim upp á að nota tröppur sem ekki uppfylla lágmarkskröfur um öryggi eða annan aðbúnað á vinnustöðum.” M hafnar því að hann hafi verið í inniskóm, hann hafi verið í “vetrarskóm á veturna vegna eðlis starfans.”

Álit.

Vinnuveitandi M er skaðabótaskyldur vegna slyssins. Sýnt þykir að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað sem hann ber ábyrgð á.

M var með 10 ára starfsreynslu og virðist hafa gjörþekkt aðstæður. Hann kveðst hafa starfað samkvæmt því verklagi sem fyrir hann var lagt. Þeirri umfjöllun hefur ekki verið hrundið. Fyrirliggjandi gögn gefa hins vegar ekki til kynna að starfsmenn hafi nokkru sinni kvartað undan þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru. Gegn neitun M er ósannað að hann hafi verið í inniskóm þegar slysið varð. Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum skal skerða réttarstöðu M sem nemur 1/4 hluta vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka sem nemur 3/4 hlutum en skerða ber réttarstöðu hans vegna eigin sakar sem nemur 1/4.

Reykjavík 14. maí 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2002

M
og
Vátryggingarfélagið X v/ A
og
Vátryggingarfélagið Y v/ B.

Árekstur á Hvammsvegi í Ölfusi þann 23.4.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.5.2002 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla.
4. Bréf málskotsaðila, dags. 30.4.2002.
5. Bréf ökumanns B, dags. 18.6.2002.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Hvammsveg á móts við bæinn Gljúfur. Þar hafði vörubifreiðinni B, sem dró eftirvagn með jarðýtu, verið ekið í gagnstæða átt og lagt vinstra megin á veginum miðað við akstursstefnu. Tönn ýtunnar hafði verið skekkt þannig að hún stóð 80 cm út af vagninum hægra megin, þ.e. þeirri hlið sem vísaði inn á veginn. Er ökumaður A hugðist aka meðfram B rakst hægri hlið A í ýtutönnina og skemmdir urðu á A. Bjart var að degi, “sólskin, regn” og blautt færi, þegar áreksturinn varð. Engin aðvörunarmerki voru á tönninni, þar sem hún stóð út af vagninum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á litlum hraða og ætlað meðfram hlið B. Lítið pláss hafi verið til þess og að auki hafi tönninn staðið út af vagninum. Því hafi óhappið orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa stöðvað þarna til að taka ýtuna af vagninum, en þarna sé verið að byrja á vegaframkvæmdum. Hann hafi gert þau mistök að leggja vinstra megin, en við það hafi pláss til að aka meðfram B verið takmarkaðra en ella vegna tannarinnar sem skagaði út á veginn.

Álit.

Ökumaður A kom að B, þar sem hún hafði verið stöðvuð á veginum. Eins og hann lýsir aðdraganda árekstursins í lögregluskýrslu hafði hann gert sér grein fyrir tönn ýtunnar sem skagaði inn á veginn. Ökumaðurinn átti að gera sér grein fyrir breidd eigin bifreiðar og hvaða svigrúm hann hafði til að aka meðfram B með tilliti til þess að ýtutönninn þrengdi það svigrúm talsvert. Vanmat ökumannsins í þessu efni er meginástæða þess hversu illa fór. Ber ökumaður A því meginsök á óhappinu. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að B hafði verið lagt öfugu megin á veginum, að ástæðulausu að séð verður, þannig að tönn jarðýtunnar sem skagaði inn á veginn, gerði það mun erfiðara en ella að komast fram með B og skapaði um leið nokkra hættu fyrir aðra vegfarendur. Vegna þessara mistaka á ökumaður B einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 2. júlí 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2002

**M
og
Vátryggingarfélagið X hf. v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingarfélagið X v/ ábyrgðartryggingar bóndans B.**

Umferðaróhapp er hross varð fyrir bifreið á þjóðvegi þann 6.1.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.6.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt útskrift af tjónsannál X og ljósmyndum.
4. Bréf X, dags. 25.2. og 28.6.2002.

Málsatvik.

Seint að kvöldi tjónsdags var bifreiðinni A ekið norður þjóðveg. Skammt norðan við bæinn D hljóp hross upp á veginn í veg fyrir A. Aflífa þurfti hrossið á vettvangi. Einnig urðu skemmdir á A. Myrkur var, rigning og blautt færi, þegar óhappið varð. Götulýsing var engin. Vegurinn mun vera malarborinn. Eigandi hrossins var B, bóndi að D.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 60 km hraða á klst. Hafi hrossið komið “neðan fyrir veginn” og hlaupið á vinstra framhorn A. Hann hafi hemlað, en ekki náð að stöðva áður en hrossið varð fyrir bifreiðinni.

B kvaðst hafa verið úti til að athuga með hross sín sem hafi fælst vegna flugeldasprenginga á næsta bæ. Nokkuð magn skotelda hafi verið sprengt upp og mjög hvasst hafi verið að sunnan. Hávaði hafi því borist vel að hrossunum. Þau hafi brotist í gegnum hlið, en í því hafi verið strengt net með gaddavír ofan og undir. Sjálf girðingin sé netgirðing með gaddavír yfir “vel staurað 3-4 m í milli. Staurar kubbuðust á 10m kafla og lá alveg niðri ofan undir veg.”

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns. Ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, má lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Samkvæmt þessari sérreglu, sem mælir fyrir um hlutlæga ábyrgð eiganda ökutækis, ber eigandi A ábyrgð á því tjóni sem varð í umrætt sinn. Ekki verður séð af gögnum málsins að tjónið megi rekja til þess að girðingar, sem hrossin voru geymd í, hafi verið ófullnægjandi eða B hafi á annan hátt valdið tjóninu með gáleysi sínu þannig að á hann verði felld ábyrgð. Tjón á A verður því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Tjón á A, bætist ekki úr ábyrgðartryggingu bóndans B.

Reykjavík, 16. júlí 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2002

M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)
og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar verktaka (B)

Skemmdir á bifreið þann 26.09. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.06. 2002.
2. Skýrslur lögreglu og afrit ljósmynda.
3. Bréf málskotsaðilans til lögreglu, dags. 12.10. 2000.
4. Bréf málskotsaðilans, dags. 26.04. 2002 og 31.05. 2002.
5. Bréf vátryggingafélags A, dags. 23.05. 2002.
6. Bréf vátryggingafélags B, dags. 29.05. 2002.
7. Bréf Sambands íslenskra tryggingafélaga, dags. 05.06. 2002.
8. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 02.07. 2002.
9. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.07. 2002, þar sem hjálagt fylgdi afrit bréfs félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 13.05. 2002, tölvupóstur vátryggingartaka til félagsins, dags. 27.09. 2000 og ljósmyndir lögreglu af bifreiðinni.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 453 og 487/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreið málskotsaðila, var að líkindum ekið í poll af málningu sem B hafði verið fenginn til að hreinsa upp þann 26.09. 2000, þannig að skemmdir urðu á bifreiðinni. Ágreiningur er um bótaskyldu.

Vátryggingafélag B telur ósannað hvenær tjónið varð en ekki komi fram í gögnum málsins um að starfsmenn B hafi verið byrjaðir að hreinsa götuna á þeim tímapunkti. Félagið telur líklegast að rekja megi tjónið til ábyrgðar þess aðila sem missti málningu niður á götuna.

Vátryggingafélag A vísar til þess að samkvæmt dagbók lögreglu hafi verið tilkynnt um málningu á götunni 1 klst. áður en óhappið varð. Hafði lögregla samband við hverfastöð borgarinnar sem tók málið að sér. Hafi verið kallaður út vatnsbíl frá B til þess að þvo götuna. Mun tjónið hafa orðið áður en náðst hafi að hreinsa götuna. Félagið telur ósannað að rekja megi tjónið til saknæmrar hegðunar A, vanrækslu við hreinsun götunnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem A beri skaðabótaábyrgð á. Verði ábyrgð ekki byggð á öðru en sakargrundvelli. Félagið vísar og til tómlætis málskotsaðila (tjónþola) því eitt og hálf ár hafi liðið frá því að bótaskyldu var hafnað þar til málinu var skotið til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.

Málskotsaðilinn telur “miðað við fyrirliggjandi gögn” að fá tjónið á bifreiðinni bætt að fullu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að tjón hafi orðið á umræddri bifreið er henni var ekið framhjá bifreið B sem vann við hreinsun götunnar. Fyrirliggjandi gögn þ.e. skýrslur lögreglu styðja þá niðurstöðu.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um að til álita hafi komið hjá starfsmanni B hvort ekki ætti að loka götunni á meðan hreinsun færi fram, hann hafi fengið lítinn frið vegna tillitsleysis vegfarenda. Telja verður að það hafi verið misráðið að loka ekki götunni. Það mun hafa verið ákvörðun starfsmanns A að loka ekki götunni á meðan vegna þess að “það hefði ekki tilgang

Því meðan beðið væri eftir búkkum og aðstoð lögreglu þá væri líklega búið að aka svo í málninguna að hún væri þá komin víðar um götuna...“

Þegar tekið er mið af framanrituðu telur nefndin að bótaábyrgð séð fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér liggja fyrir, vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni. Það var óvarlegt af aðilum að loka ekki götunni á meðan hreinsun fór fram eða grípa til annarra fyrirbyggjandi ráðstafana t.d. að takmarka umferð um svæðið. Þessa var ekki gætt og því er bótaábyrgð fyrir hendi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann bifreiðar málskotsaðila og ekki hefur verið upplýst um hvaða aðili það var sem missti málninguna á götuna.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér liggja fyrir.

Reykjavík 16. júlí 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2002

M

og

Vátryggingafélagið X hf. v/ slysatryggingar launþega og ábyrgðartryggingar verktaka og Reykjavíkurborgar

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu launþega og úr ábyrgðartryggingu verktaka og Reykjavíkurborgar vegna líkamstjóns sem málskotsaðili varð fyrir þann 12.10.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.8.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla tekin af málskotsaðila þann 26.10.2001.
4. Tjónstilkynning vegna slyssins, dags. 2.11.2001.
5. Bréf V, dags. 19.11.2001 og 18.3.2002.
6. Staðfesting vinnuveitanda, dags. 15.4.2002.
7. Yfirlýsing tveggja starfssystra M, dags. 17.5.2002.
8. Yfirlýsing sjö vitna, dags. 17.5.2002.
9. Þrjár ljósmyndir.
10. Bréf Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 11.12.2001.
11. Yfirlýsing Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 14.6.2002.
12. Afrit af tölvupósti hóteltjóra H, dags. 4.5.2002.
13. Bréf, dags. 19.11.2001 og 18.2.2002.
14. Bréf (tölvupóstur) lögmanns M, dags. 12.6.2002.
15. Bréf X, dags. 22.4., 18.6. og 31.8.2002.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kvaðst málskotsaðili (hér eftir nefnd M) hafa verið á gangi í Pósthússtræti á gangstéttinni við veitingahúsið Kaffi París um kl. 12.30 þann 26.10.2001. Búið hafi verið að vinna við að gera við gangstéttina. Hafi verið búið að leggja næstum alla stéttina með tilhöggnu grjóti, en smábíl hafi verið eftir sem hafi verið ómerkt fyrir gangandi vegfarendur. Hafi hún stigið ofan í bílið þannig að hún hafi fallið fram fyrir sig. Höfuð hennar hafi skolið á nærliggjandi tröppur og einnig hafi hún fengið högg á bæði hné. Hún hafi hlotið hálsnykk auk þess sem blætt hafi inn á lið við hægra hné. Verktaki við verkið sé V. Enginn starfsmaður á vegum verktaka hafi verið á staðnum er slysið varð. Verkkaupi er Reykjavíkurborg (hér eftir nefnd R).

Í tjónstilkynningu er merkt í reit um að slysið hafi gerst í vinnutíma. Í staðfestingu vinnuveitanda, hótelsins H, sem undirrituð er af hóteltjóra, segir að um frítímaslys hafi verið að ræða, M hafi verið í einkaerindum í matartíma. Í yfirlýsingu tveggja starfssystra M segir að M hafi verið í sendiferð á vegum H til að sækja mat á Kaffi París. Ferðin hafi verið farin að beiðni hóteltjórans. Hafi M farið þessa ferð eins og svo oft áður, en matur hafi gjarnan verið keyptur á Kaffi París eða í versluninni 10-11 í Austurstræti og hafi H greitt fyrir matinn.

Í tölvupósti, sem hóteltjóri H sendi tilgreindri manneskju þann 4.5.2002, segir m.a.:
“...Hrafnhildur is doing well in spite of falling on her face going to Cafe Paris for lunch for us...”

Í yfirlýsingu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur segir m.a. að félagið túlki “samningsákvæði 8.1.2. í kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins á þann hátt að vinnuveitandi beri greiðsluskyldu gagnvart vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómstílfellum sem orsakast vegna

flutnings til og frá vinnustað. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða flutning til og frá vinnustað við upphaf eða lok dags eða í neyslhléum starfsmanna.

Í sameiginlegri yfirlýsingu sjö vitna segir að M hafi dottið á gangstétt á móts við Kaffi París. Um þetta leyti hafi verið unnið við endurgerð Pósthússtrætis. Að mati vitnanna var frágangur á vinnusvæðinu óforsvaranlegur og ekki merkingar á umræddum stað sem hafi gefið til kynna að fólk þyrfti að gæta sérstakrar varúðar þegar það átti leið um gangstéttina.

Í málskoti til nefndarinnar er því haldið fram af hálf M að hún hafi verið í erindum við matarinnkaup í þágu vinnu sinnar. Það hafi verið hluti af starfi M þótt hún hafi ekki verið stödd á vinnustað sínum, er slysið varð. Þá er talið að engar viðvaranir eða merkingar hafi verið til staðar sem hafi gefið til kynna að hættulegt hafi verið fyrir vegfarendur að ganga á þessum hluta gangstéttarinnar. M hafi því gengið óhrædd um stéttina á þessum stað, þegar hún steig ofan í hið óbrúaða bil og féll fram fyrir sig. Beri verktakinn V eða R sem verkkaupi ábyrgð á líkamstjóni M.

X er tryggingafélag H, V og R. Félagið hefur hafnað bótaskyldu úr slysaftryggingu launþega, þar sem M hafi verið að sinna einkaerindum í matartíma. Því sé um frítímaslys að ræða. Einnig hefur bótaábyrgð V verið hafnað. Framkvæmdi í götunni hafi staðið yfir um alllangt skeið og vegfarendum, sem leið áttu um, gat á engan hátt dulist það. Þá er bótaábyrgð R ennfremur hafnað.

Álit.

M slasaðist um hádegisbil. Í staðfestingu H kemur fram að um frítímaslys hafi verið að ræða og M hafi verið að sinna einkaerindi í matartíma. Þrátt fyrir yfirlýsingu tveggja starfssystra M verður ekki talið nægilega sannað að M hafi verið á ferð á vegum H, er hún slasaðist. Þá verður heldur ekki neitt fullyrt af fyrirliggjandi tölvupósti hótélstjóra H um að M hafi verið í ferð á vegum H í umrætt sinn. Þótt M hafi farið af vinnustað sínum í hádegishléi verður ekki litið svo á að hún hafi verið á leið til eða frá vinnustað sínum þannig að launþegaftryggingin taki til slyssins. Að þessu virtu verður ekki talið að líkamstjón M sé bótaskyldt úr samningsbundinni slysaftryggingu launþega.

Framkvæmdir í Pósthússtræti höfðu staðið yfir um nokkurra mánaða skeið, er slysið varð. Skipt hafði verið um jarðveg í götunni. Jafnframt voru allar helstu lagnir og leiðslur í götunni endurnýjaðar. Verkinu var að mestu leyti lokið. Ekki er ljóst með vissu að hve miklu leyti aðvörunarmerki höfðu verið fjarlægð. Þó verður að telja að einhverjar merkingar hafi verið til staðar auk ýmissa tækja og tóla. M átti ekki að geta dulist að þarna voru framkvæmdir enn í gangi, bæði í Pósthússtræti og við gatnamót Pósthússtrætis og Austurstrætis. Gaf það tilefni til að sýna aðgæslu er þarna var gengið um. Bil, þar sem enn vantaði hellur, átti að vera sjáanlegt og greinilegt. Verður ekki séð að slysið megi rekja til þess að merkingum hafi verið áfátt í námunda við slysstaðinn. Verður V ekki talinn bera bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Ekki hefur verið sýnt fram á samkvæmt gögnum málsins að R geti með einhverjum hætti borið ábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr slysaftryggingu launþega H. Þá bera V og R ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar.

Reykjavík, 10. september 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2002

**M
og
Vátryggingafélagið X
og
Vátryggingafélagið Y**

Árekstur á Borgarfjarðarvegi við mót Bráandarstaðavegs þann 16.5.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.8.2002 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt vettvangsuppdráttum og ljósmyndum.
4. Tölvupóstasamskipti milli Vegagerðarinnar og Vátryggingafélags Íslands hf.
5. Bréf forstöðumanns umhverfissviðs Austur-Héraðs, dags. 14.6.2002.
6. Bréf X, dags. 30.5.2002.
7. Bréf Y, dags. 11.9.2002.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til vesturs eftir Bráandarstaðavegi og beygt til vinstri áleiðis suður Borgarfjarðarveg. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið norður Borgarfjarðarveg. Að sunnanverðu við vegamótin varð árekstur með bifreiðunum. Mikið tjón varð á báðum bifreiðum og voru þær óökufærar. Hemlaför eftir B mældust um 33 m. Bjart var af degi, sólskin og þurr færi.

Ökumaður A kvaðst hafa fyrir venju að víkja fyrir umferð á Borgarfjarðarvegi og dregið úr hraða er hann nálgast vegamótin. Hann hafi horft eftir hugsanlegri umferð á Borgarfjarðarvegi, en engar umferðar orðið var og því ekið inn á veginn. Í sömu svifum hafi farþegi í framsæti kallað að bifreið væri að koma. Hafi hann þá hellað, en árekstur engu að síður orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á leið norður Borgarfjarðarveg. Hafi hann séð til ferða B vestur veginn frá Bráandarstöðum og að dregið hafi verið úr hraða hennar, er hann nálgast vegamótin. Er hann hafi verið kominn nærri vegamótunum hafi hann séð að árekstur yrði og hafi hann því hellað.

Í tölvupósti Vegagerðarinnar frá 27.5.2002 er staðfest að Borgarfjarðarvegur (94) og Bráandarstaðavegur (949) séu taldir til þjóðvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 45/1994 og að báðir vegirnir uppfylli skilyrði lagagreinarinnar um tengivegi. Tekið er fram að Bráandarstaðavegur sé ekki talinn upp með tengivegum í gildandi þingsályktun um vegaáætlun.

Álit.

Á Borgarfjarðarvegi, þar sem áreksturinn varð, er bundið slitlag og er miðlína mörkuð langsum eftir veginum. Breidd vegarins er um 7,2 m. Hámarkshraði á honum er 90 km á klst., sbr. 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Bráandarstaðavegur er malborinn og um 6 m á breidd. Hámarkshraði á veginum er 80 km á klst., sbr. 2. mgr. 37. gr. ufl.

Vart verður um það deilt að Borgarfjarðarvegur, sem liggur milli byggðarlaga á Héraði, er fjölfarinn og gerður fyrir hraða umferð. Á hinn bóginn er Bráandarstaðavegur tiltölulega stuttur vegur og ekki ætlaður fyrir hraða umferð þrátt fyrir að á honum gildi hinn almenni hámarkshraði á vegi utan þéttbýlis sem ekki er með bundnu slitlagi. Þá er vegurinn fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð að tveimur eða þremur bæjum sem hann liggur að.

Á mótum þessara tveggja vega eru engin merki sem með afgerandi hætti gefa til kynna hvernig umferðarrétti sé háttað. Þannig eru engin umferðarmerki við vegamótin sem gefa til kynna biðskyldu (A06.11), stöðvunarskyldu (B19.11) eða hættuleg vegamót (A05.11). Við Þrándarstaðaveg eru einungis staðarvísar (F.12.11) að tveimur bæjum. Engin ákvörðun mun hafa verið tekin af dómsmálaráðherra skv. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að Borgarfjarðarvegur skuli teljast til aðalbrauta þar sem umferð hafi forgang, sbr. 2. mgr. 25. laganna. Þá hefur sams konar ákvörðun heldur ekki verið tekin af lögreglustjóra í umdæminu, sbr. b. lið 2. mgr. 81. gr. ufl.

Af fyrirbyggjandi gögnum er í raun ekkert sem beinlínis gefur tilefni til að ætla að Þrándarstaðavegur sé ekki notaður til almennrar umferðar og teljist því ekki vera vegur skv. skilgreiningu 2. gr. ufl. Eins og aðstæður eru við gatnamótin sýnist fyrst og fremst vera til skoðunar hvort ökumanni A hafi borið að veita B forgang skv. 3. mgr. 25. gr. ufl. eða hvort ökumanni B hafi borið að víkja fyrir A, sem hann hafði sér á hægri hönd, sbr. 4. mgr. sömu gr. Eins og áður greinir eru engin umferðarmerki við vegamótin sem gáfu ökumönnum það til kynna hvorum hafi borið að víkja. Er til mikils бага frá sjónarmiði umferðaröryggis að á því geti leikið vafi hvernig umferðarrétti sé háttað við vegamót sem þessi.

Í 3. mgr. 25. gr. ufl. segir að ökumaður sem ætlar “að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensinstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi...” skuli þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang. Ljóst er samkvæmt ákvæði þessu að ekki eru tæmandi taldir þeir vegir, þar sem ökumönnum ber að veita umferð forgang á vegi sem þeir ætla að aka inn á. Í frumvarpi að umferðarlögum, sem varð að lögum nr. 50/1987, segir svo: “3. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 48. gr. [þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 - innskot úrskurðarnefndar] með breyttu orðalagi. Samkvæmt gildandi ákvæði ber umferð af einkavegi að víkja fyrir umferð á vegi sem ekið er inn á. Er lagt til að upptalning minni háttar vega verði nokkru ítarlegri, þannig að ákvæðið taki einnig til umferðar af götuslóða, stíg, göngugötu, heimreið eða svipuðum vegi.” (Alþt. 1986-1987, A-deild, bls. 907)

Þegar litið er til þess að Þrándarstaðavegur er frekar mjór fáfarinn malarvegur og einungis ætlaður fyrir umferð að þremur býlum verður að líta svo á að hann sé minni háttar vegur sem jafnað verður við þá vegi sem taldir eru upp í fyrrgreindu ákvæði 3. mgr. 25. gr. ufl. Til þess ber ennfremur að líta að gagnstæð niðurstaða um umferðarrétt á þessum vegamótum er til þess fallin að skapa mikla slyshættu á vegamótunum og öðrum sambærilegum vegamótum á Borgarfjarðarvegi. Að fenginni þessari niðurstöðu verður að líta svo á að ökumanni A hafi borið að veita umferð á Borgarfjarðarvegi forgang. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanninum, er hann ók í veg fyrir B. Ekki liggur fyrri samkvæmt gögnum málsins að B hafi verið ekið of hratt eða ökumaður hennar hafi á annan hátt sýnt gáleysi þannig að honum verði gefin sök á árekstrinum. Ber ökumaður A því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 1. október 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2002

**M
og
Vátryggingafélagið X**

Ágreiningur um bótarétt úr ábyrgðartryggingu fyrirtækis(Y) vegna vinnuslyss 8. janúar 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28 ágúst 2002
2. Lögregluskýrsla dags. 8. janúar 2002.
3. Lögregluskýrslur dags. 5.-20 júní 2002.
4. Tilkynning til Vinnueftirlitsins dags. 8. janúar 2002.
5. Umsögn Vinnueftirlitsins dags. 8. febrúar 2002.
6. Tilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins dags. 15. febrúar 2002.
7. Bréf lögmans málskotsaðila til X dags. 25. mars 2002.
8. Svarbréf X dags. 18. júlí 2002 vegna bréfs 25. mars 2002.
9. Bréf lögmans málskotsaðila til X dags. 24. júlí 2002.
10. Bréf X til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum dags. 11. september 2002.
11. Umboð dags. 11. janúar 2002.
12. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 682/2002.

Málsatvik.

Málskotsaðili, hér eftir nefndur M, slasaðist á hendi við löndun úr Páli Jónssyni GK-7 í Njarðvíkurhöfn 8. janúar 2002. Lögreglu og Vinnueftirlitinu var tilkynnt um slysið. Slysið varð með þeim hætti að verið var að draga fiskikarastæðu til í lest. Fjögur kör voru í stæðunni og var slegið á neðsta karið í gagnstæð horn. Vegna ójöfnu eða hæðarmunar á lestargólfi kom slynkur á stæðuna með þeim afleiðingum að tvö efstu körin ultu um koll og á M. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að aðstæður hafi verið breyttar, en tildrög slyssins rakin til hæðarmunar og krafa gerð um úrbætur. Í skýrslu Óskars Júlíussonar, starfsmanns Vélsmiðju Suðurnesja, kemur fram að hann hafi verið kallaður um borð eftir slysið og hafi hann slípað burt ójöfnur og nibbur á lestargólfinu við lensirist. Í gögnum málsins kemur og fram að löndun með þessu hætti hafi tíðkast í langan tíma og slys ekki orðið áður.

Álit.

Skaðabótakröfu vegna slyssins er beint að Y sem sá um löndun úr Páli Jónssyni GK-7 og er því ekki tekin afstaða til hugsanlegrar bótaábyrgðar útgerðarmanns Páls Jónssonar GK-7. Þrátt fyrir að ekki hafi áður orðið slys við löndun úr Páli Jónssyni GK-7 verður að telja að verklag við löndun með þeim hætti, sem lýst er í gögnum málsins, hafi krafist ýtrustu varúðar, þar sem ekkert mátti út af bregða svo kerin yltu ekki um koll. Brýn ástæða var til og brotalítið að skoða lestargólfið áður en löndun hófst með tilliti til þess hvort þar leyndust ójöfnur, en á því virðist hafa orðið misbrestur af hálfu starfsmanna Y. Vegna þessa þykir rétt að Y beri meginábyrgð á slysinu, þar sem ekki var hlutast til um að skoða og lagfæra lestargólfið áður en vinna hófst við löndun í umrætt sinn. M, sem var vanur þessum störfum, þykir og bera hér nokkra ábyrgð og skyldu í þessum efnum. Með hliðsjón af sambandi M og Y þykir rétt að M beri einn þriðja sakar á slysinu sjálfur, en Y tvo þriðju sakar.

Niðurstaða.

Slys M bætist að tveimur þriðju úr ábyrgðartryggingu Y.

Reykjavík 1. október 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar

Skemmdir á bifreið, ágreiningur um réttarstöðu

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.08. 2002.
2. Bréf lögmanns M til vátryggingafélagsins, dags. 18.12. 2001.
3. Annáll tjónsins.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.09. 2002, ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, minnispunktum lögmanns félagsins, bréfi vátryggðu með lýsingu á atvikum og bréfi lögmanns vátryggðu með röksemdum hans um bótaábyrgð félagsins.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 44/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M var farþegi í bifreið vinkonu sinnar á leið í saumaklúbb þann 06.11. 2001. M beið í bifreiðinni á meðan ökumaður fór inn í hús. M varð kalt og ætlaði að kveikja á miðstöð bifreiðarinnar og startaði því bifreiðinni úr farþegasætinu. M athugaði ekki að bifreiðin var í gír og við startið kastaðist bifreiðin á steinvegg og skemmdist.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna skemmda á bifreiðinni með tilvísun til ákvæðis skilmála sem kveður á um það að vátryggingin bætir ekki skaðabótakröfu sem fellur á vátryggðan sem eigendur eða notendur vélknúinna farartækja.

M telur að umrætt ákvæði eigi ekki við og að viðurkenna skuli bótaábyrgð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir telur nefndin að hér sé um undanskilda áhættu að ræða. Tjónsatburð máls þessa má rekja til notkunar bifreiðarinnar í skilningi vátryggingaskilmála m.ö.o. M olli skemmdum á bifreiðinni sem notandi vélknúins farartækis. Bótaábyrgð er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingu vegna skemmda á umræddri bifreið er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. október 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2002

**M
og
Vátryggingafélagið X**

Ágreiningur um bótarétt úr ferðatryggingu (Eurocard Atlas kort) vegna hvarfs á stafrænni myndavél 18. júní 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. september 2002.
2. Skýrsla lögreglustjórans í Aalborg dags 20. júní 2002.
3. Tilkynning um tjón dags. 2. júlí 2002.
4. Bréf X til málskotsaðila dags. 14. júlí 2002.
5. Bréf X til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum dags 12. september 2002.
6. Skilmálar X fyrir ferðatryggingar.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 660/2002.

Málsatvik.

Málskotsaðili, hér eftir nefndur M, var á ferðalagi í Danmörku. Þriðjudaginn 18. júní 2002 var M ásamt vinkonu sinni við borð á veitingahúsinu LA-Bar, Aalborg. M varð að bregða sér frá borðinu skamma stund og þá vildi ekki betur til en svo, þegar vinkonan snéri sér að næsta borði, að poki í eigu málskotsaðila hvarf af borðinu. Í pokanum var stafræn myndavél. Á málskotsblaði kemur fram af hálfu málskotsaðila að vinkonan hafi verið að gæta farangurs hennar.

Álit.

Í skilmálum fyrir Eurocard Atlas ferðatryggingar er m.a. innifalin farangurstrygging á ferðalögum. Í grein 5 um farangur og tafir eru ákvæði um vörslu farangurs á ferðalögum. Í grein 5.1 kemur fram að vátryggður eigi að gæta fyllsta öryggis við vörslu farangurs. Í grein 5.2.9 kemur fram að vátryggingin bæti ekki tjón á hlutum sem vátryggður týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum. Með hliðsjón af ofanrituðu telst upplýst að varsla farangurs hafi ekki verið nægileg með hliðsjón af ákvæðum skilmála, en afar varhugavert er að líta af farangri á kaffihúsum eða veitingahúsum, jafnvel þótt um skamman tíma sé að ræða.

Niðurstaða.

Tjón vegna hvarfs á stafrænni myndavél í eigu málskotsaðila fæst ekki bætt úr farangurstryggingarlið ferðatryggingar Atlas korts.

Reykjavík 1. október 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2002

**M
og
Vátryggingar hf. X
og
Vátryggingafélagið Y**

Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar þann 10.8.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.9.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning ásamt viðbótarupplýsingum ökumanna, uppdrætti og ljósmyndum.
4. Bréf X.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið vestur Miklubraut áleiðis yfir gatnamót Kringlumýrarbrautar. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið norður Kringlumýrarbraut og beygt til vinstri áleiðis vestur Miklubraut. Rákust þá saman framhverð vinstri hlið A og framanverð hægri hlið B. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum. Bjart var af degi og færi mun hafa verið þurrt.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið yfir gatnamótin á hægri akrein andspænis grænu ljósi. Hafi B þá verið ekið í hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri vestur Miklubraut og beðið eftir að komast inn á Miklubraut á grænu ljósi. Hafi hann verið að hreinsa gatnamótin, er A hafi komið akandi vestur Miklubraut og framhorn bifreiðanna lent saman.

Álit.

Framburð ökumanna verður að skilja svo að ökumaður B hafi verið kominn inn á gatnamótin er rautt ljós kviknaði andspænis fyrirhugaðri akstursleið hans og ökumaður A hafi svo ekið áleiðis yfir gatnamótin andspænis grænu ljósi. Í 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir að á vegamótum, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi, ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni, að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr gagnstæðri átt. Í 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra segir að rautt ljós merki að nema skuli staðar. Ennfremur segir að vegfarendur, sem komnir eru inn á svæði þar sem ljósið stjórnar umferð, skulu eftir því sem unnt er yfirgefa það. Í ljósi þessara tveggja ákvæða verður að líta svo á að ökumanni B hafi borið að gæta þess, fyrst hann tók þá áhættu að aka inn á gatnamótin án þess að hafa komist yfir þau á grænu ljósi, að haga akstri sínum þannig að ekki skapaðist hættu gagnvart umferð eftir Miklubraut. Á þessu varð misbrestur og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi ekið andstætt reglum ber að leggja alla sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 1. október 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón

Magnússon

hrl.

Mál nr. 184/2002

M

V h.f. v. A

X h.f. v. B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Álfatanga og Þverholts í Mosfellsbæ þ. 25.7.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.5.9.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 713/2002
3. Lögregluskýrsla dags. 5.9.2002 ásamt ljósmyndum.
4. Skipulagsuppdraettir
5. Bréf X h.f. dags. 13.9.2002.
6. Bréf V. h.f. dags. 24.9.2002.

Málsatvik.

A sem er vörubifreið ók suður malarveg sem liggur frá hesthúsahverfi í Mosfellsbæ að því er segir í lögregluskýrslu og inn á gatnamótin Álfatanga Þverholts með fyrirhugaða akstursstefnu suður Þverholt í lögregluskýrslu segir að á þeim tíma hafi engin umferðarmerki verið þar sem malarvegurinn liggur að gatnamótunum. B var ekið austur Álfatanga með fyrirhugaða akstursstefnu yfir gatnamót Þverholts við Álfatanga en biðskylda er við gatnamótin. Ökumaður A segist hafa hægt á sér þegar hann kom að gatnamótunum og séð til ferða B sem hafi verið nánast stopp við gatnamótin og hafi hann þá haldið áfram yfir gatnamótin en síðan snögg hemlað en A runnið áfram á B. Ökumaður B segist hafa stöðvað bifreið sína við biðskyldumerkið á gatnamótunum til að hleypa bifreiðum framhjá sem var ekið norður Þverholt og síðan hafa lagt af stað þegar A hafi skyndilega komið frá vinstri og lent á B en ökumaður segist ekki hafa séð A fyrr en hún lenti á B.

Álit.

Nefndin kannaði aðstæður á vettvangi. Þar sem áreksturinn varð er bundið slitlag á Álfatanga og Þverholti og biðskyldumerki fyrir umferð af Álfatanga á þessum gatnamótum. Til norðurs á gatnamótunum er myndarlegt útskot fyrir strætisvagna en til hliðar í áframhaldi af Þverholti til norðurs er malarvegur sá sem að A ók til suðurs í umrætt sinn og sést illa frá þeim stað sem B var. Á gatnamótunum þar sem að A ók af malarveginum inn á gatnamótin munu ekki hafa verið umferðarmerki sbr. lögregluskýrslu en þar hefur nú verið sett biðskyldumerki. Þeim ökumönnum sem aka malarveg þann sem A ók í umrætt sinn má vera ljóst að umræddur vegur er fáfarinn og minni háttar miðað við þær götur þar sem ekið er inn á umrædd gatnamót. Ökumanni A bar því með vísan til 3. mgr. 25.gr. umfl. nr. 50/1987 að veita B forgang en líta verður á þá götu sem að A ók eftir í umrætt sinn sem minni háttar veg sem falli undir ákvæði 3. mgr. 25.gr. umferðarlaga og bar því A að veita annarri umferð um gatnamótin forgang óháð því hvernig merkingum er háttáð að öðru leyti á gatnamótunum. Þá mátti ökumanni A sem ók þungum stórum flutningabíl vera ljóst að honum bar að aka inn á umrædd gatnamót með ítrustu varúð miðað við aðstæður en á það þykir hafa skort hjá ökumanni A. Úrskurðarnefndin vísar að öðru leyti til sjónarmiða sem koma fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 174/2002 varðandi skýringu á vegi í skilningi 3. mgr. 25.gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 8.10. 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu ökutækis.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.9.2002 ásamt fylgigögnum nr. 1 – 15.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 7.10.2002, ásamt þremur fylgigögnum.
4. Bréf lögmans M, dags. 8.10.2002, ásamt einu fylgigagni.

Málsatvik.

Þann 22.6.2001 var keypt ökutækjatriyggung fyrir bifreiðina A hjá Vátryggingafélaginu X. Í vátryggingunni fólst m.a. löboðin ábyrgðatriyggung og kaskótrygging. Vátryggingartaki var M. Þann 23.7.2001 gaf X út staðfestingu um að A væri vátryggð hjá félaginu.

Iðgjald mun ekki hafa verið greitt vegna vátryggingarinnar. Þann 7.2.2002 tilkynnti X með bréfum til M og lögreglustjórans í Reykjavík að ábyrgðatriyggung A væri fallin úr gildi. Sama dag var veðhafa jafnframt tilkynnt að ábyrgðar- og kaskótrygging A væri úr gildi fallin.

Þann 3.3.2002 skemmdist A mikið eftir umferðaróhapp á Borgarfjarðarbrú.

Með lokaaðvörun frá X, dags. 7.10.2002, var M krafinn um greiðslu iðgjaldaskuldar vegna A samtals að fjárhæð kr. 80.202.

M krefst þess að tjón á A verði bætt úr kaskótryggingunni. Tryggingin hafi verið í gildi á tjónsdegi, þar sem innheimtuáaðgerðum hafi ekki verið hagað í samræmi við skilmála og aldrei hafi verið tilkynnt formlega um að kaskótryggingin væri fallin niður.

X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu með vísan til greinar 426.10 í skilmálum. Þar segir m.a. orðrétt: “Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Verði fyrsta iðgjald eigi greitt þegar þess er krafist lýkur ábyrgð félagsins. Það sama á við ef síðari iðgjöld eru eigi greidd innan viku frá því þeirra var krafist.” Þá hefur félagið einnig vísað til ákvæða 13. til 15. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Kveðst félagið hafa sent fyrstu iðgjaldskröfu þann 27.6.2001 og ítrekun 14.11.2001. Tryggingin hafi svo verið felld niður þann 7.2.2002. Iðgjaldsinnheimta eftir þann dag hafi einungis verið vegna tímabilsins frá 22.6.2001 til 7.2.2002.

Álit.

Hjá X hafði verið tekin m.a. kaskótrygging vegna A sem gilda átti tímabilið 22.6.2001 til 31.5.2002. Í máli þessu er einungis tekin afstaða til bótaskyldu X úr kaskótryggingu A.

Með því hvernig staðið var að innheimtu iðgjalds af hálfu X, eins og að ofan greinir, var vikið frá fyrirmælum skilmála um innheimtu iðgjaldsins og hvenær ábyrgð félagsins skyldi ljúka. Með því að halda vátryggingarsamningnum í gildi til 7.2.2002, eins og félagið kveðst hafa gert, hefur það einnig vikið frá ákvæðum 15. gr. laga nr. 20/1954 um það tímamark hvenær vátryggingarsamningur fellur úr gildi uppsagnarlaust eftir að iðgjalds var krafist. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins um að ítrekunin 14.11.2001 hafi borið með sér hvenær ábyrgð vegna kaskótryggingarinnar myndi falla niður eða hvenær vátryggingarsamningurinn myndi falla úr

gildi uppsagnarlaust vegna vanskilanna. Samkvæmt framangreindu þá lá ekki fyrir með neinni vissu hvernig félagið hugðist haga iðgjaldainnheimtu sinni vegna kaskótryggingarinnar gagnvart M og hvenær ábyrgð félagsins skyldi falla niður. Við svo búið verður ekki hjá því komist að líta svo á að kaskótrygging vegna A hafi verið í gildi hjá X, þegar bifreiðin skemmdist í umfeðaróhappinu þann 3.3.2002. Ber því X að bæta tjónið sem þá varð á A.

Niðurstaða.

Tjón á A, sem varð þann 3.3.2002, er bótaskyldt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá X.

Reykjavík, 29. október 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2002

M

og

Vátryggingafélagsins X v/sjúkra- og slysatryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu

í kjölfar ofnæmis og starfsorkuskerðingar í janúar 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.09. 2002 ásamt málskjöllum merktum 1 – 13 þ. á m. skilmálum sjúkra- og slysatryggingar, matsgjörð og bréfaskipti lögmanns vátryggðs og vátryggingafélagsins.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.10. 2002.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 405/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Fyrirliggjandi vátryggingaskírteini er dags. 28.09. 1998, á grundvelli þess og vátryggingaskilmála gerir vátryggður kröfu um bætur vegna sjúkratryggingar í máli þessu. Vátryggður var í fullu starfi á hárgreiðslustofu þegar hún þurfti að hætta störfum vegna ofnæmissjúkdóms sem tilkvaddir matsmenn mátu til 75% varanlegrar örorku sbr. mat þeirra dags. 20.04. 2001. Félagið hafnaði því mati matslækna að meta skerðingu á starfsgetu hennar við hárgreiðslu en telur að beita eigi almennu mati um starfsorkuskerðingu þ.e.a.s. á getu til þess að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt megí ætlast til að viðkomandi starfi við. Matslæknar hafi metið starfsorkuskerðingu vátryggðs að nýju út frá 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, að kröfu vátryggingafélagsins og komist þá að þeirri niðurstöðu að varanleg starfsorkuskerðing vátryggðs væri 20%.

Kvörtun vátryggðs byggir á því að hún hafi verið í góðri trú er vátryggingin var tekin hjá “sem tryggði henni dagpeninga og fullar bætur fyrir skerðingu eða starfsmissir við fag sitt við hárgreiðslu.” Hún hafi keypt vátrygginguna í þeim tilgangi að tryggja að hún hefði fjármuni sér til framfærslu ef hún yrði fyrir tekjutapi vegna sjúkdóms, sem hindraði að hún ynni við fag sitt. Hún hafi byggt starfsöryggi sitt og lífsafkomu á iðnmenntun sinni og áunnum réttindum. Þekkt sé að hárgreiðslukonum sé hættara við atvinnusjúkdómum en öðrum vegna mikillar notkunar kemískra efna og því hafi hún tekið vátrygginguna.

Hún byggir kröfu sína m.a. á því að engar takmarkanir sé að finna í skilmálum um að vátryggður sé ekki tryggður fyrir starfsorkumissi af völdum sjúkdóms í því starfi sem hann starfar við og tilgreind er í vátryggingaskírteini.

Vátryggður gerir kröfu til þess að nefndin kveði á um að bótauppfjör félagsins vegna varanlegrar starfsorkuskerðingar hennar eigi að byggja á mati tilkvaddra matslækna, dags. 20.04. 2001, sem kveður á um 75% varanlega starfsorkuskerðingu.

Vátryggingfélagið telur að ágreiningur aðila snúist um það á hvaða forsendum beri að gera upp tjón vátryggðs vegna varanlegrar örorku úr sjúkra- og slysatryggingu, þar sem hún er vátryggð samkvæmt vátryggingaskírteini dags. 29.09. 1998 og um gilda þágildandi skilmálar. Í 23. gr. þeirra er kveðið á um bætur fyrir varanlega örorku vegna sjúkdóms og kemur þar fram að vegna algerrar örorku greiðist öll vátryggingafjárhæðin en við minni örorku hlutfallslega eftir orkumissi. Félagið telur

sig ekki bundið við skilning matslækna í upphafi sem og skilning vátryggðs um að meta eigi getu vátryggðs til að gegna ákveðnu starfi sem tilgeint er í vátryggingaskírteini. Félagið telur rétt að miða við mat á almennri starfsorkuskerðingu vátryggðs sem er að mati matslækna 20% sbr. bréf þeirra til félagsins, dags. 18.06. 2001.

Álit.

Í máli þessu er því ekki borið við að vátryggður hafi ekki gætt upplýsingaskyldu sinnar við töku vátryggingarinnar. Til álita er einungis hvaða niðurstöðu matsmanna á varanlegri starfsorkuskerðingu skuli leggja til grundvallar.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að bótauppgjör vegna varanlegrar starfsorkuskerðingar vátryggðs skuli miða við hið fyrra mat tilkvaddra matsmanna, dags. 20.04. 2001, sem kveður á um 75% varanlega starfsorkuskerðingu. Þegar atvik öll eru virt var það réttmætt hjá þeim að miða við getu vátryggðs (tjónþola) til þess að sinna tilgreindu starfi þrátt fyrir ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993.

Vátryggingaskírteinið og beiðni um vátryggingu styðja sjónarmið vátryggðs þess efnis að vátryggingin hafi verið tekin vegna hins tilgreinda starfs vátryggðs.

Vátryggingafélagið telur að tilgreining á starfi vátryggðs í beiðni og í skírteini sé einungis til þess að meta áhættuna af viðkomandi þegar iðgjald er ákveðið fyrir slysatryggingarþátt vátryggingarinnar. Það hafi hins vegar ekkert með það að gera að mat á tímabundinni og varanlegri starfsorkuskerðingu skuli taka mið af getu vátryggðs til að gegna hinu tilgreinda starfi. Skilmálar gefi heldur ekki tilefni til þess að meta starfsorkuskerðinguna með öðrum hætti. Til margra ára hafi verið venja að miða við hefðbundna læknisfræðilega tímabundna og varanlega örorku við uppgjör bóta úr sjúkratryggingu.

Nefndin getur ekki fallist á sjónarmið vátryggingafélagsins. Fyrirliggjandi gögn máls þessa og aðdragandi að töku vátryggingarinnar, vátryggingaskírteini sem tilgreinir starf vátryggðs og skilmálar styðja sjónarmið vátryggðs. Jafnframt verður að hafa í huga upplýsingaskyldu og frumkvæðisskyldu sem hvílir á vátryggingafélaginu samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, við töku vátryggingarinnar.

Með vísan til framanritaðs telur nefndin að bótauppgjör vegna varanlegrar starfsorkuskerðingar skuli miða við hið fyrra mat tilkvaddra matsmanna, dags. 20.04. 2001, sem kveður á um 75% varanlega starfsorkuskerðingu.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir og miða skal bótauppgjör vegna varanlegrar starfsorkuskerðingar við 75% varanlega starfsorkuskerðingu.

Reykjavík 29. október 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2002

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (verslunar).

Vinnuslys þann 21.12. 2000, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.10. 2002, ásamt fylgiskjölum merktum 1 – 10 þ. á m. lögregluskýrslur og tjónstilkynning.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.11. 2002, þar sem hjálaga fylgdi afrit af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 26.08. 2002, tölvupósti vátryggingartaka til félagsins, dags. 23.07. 2002 og tölvupóstur til lögmans tjónþola, dags. 21.12. 2001.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 766/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M, starfsmaður vátryggingartaka, mætti til vinnu snemma morguns í verslun. Er hann hugðist ganga í gengum verslunina á leið sinni frá lager að skrifstofu sinni rann hann til og féll á hálu gólfi, sem verið var að þrifa og bóna, með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hné.

Vátryggingafélagið telur að ekki sé unnt að rekja slysið til ófullnægjandi og saknæmra aðstæðna eða vanbúnaðar á vinnustað, sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Það telur að slysið megi rekja til óaðgæðslu M. Hann hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar er hann gekk um gólf sem ræstingarfólk var að vinna við að undirbúa undir bón. Ljóst sé að hann hafði séð að verið var að skúra umræddan stað er hann var staddur á lager verslunarinnar. Félagið telur að M hafi a.m.k. mátt vera augljóst að gólfið kynni að vera blautt og því hafi honum borið að sýna aðgæslu. Félagið vísar og til þess að skömmu áður hafi M gengist undir aðgerð á hné og í því ljósi hafi honum borið að sýna sértaka aðgæslu við för sína um svæðið, sem verið var að ræsta. Félagið vísar og til þess að vitni bera að gólfparturinn hafi verið áberandi blautur í umrætt sinn. Félagið telur ósannað að orsakasamband sé milli skorts á merkingum og slyssins, enda hafi M verið kunnugt um að verið var að ræsta.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Ekki sé við M að sakast að hann féll við og slasaðist. Hann hafi með engu móti getað vitað að búíð væri að hella vatni yfir gólfið sem hann rann svo á. Leggja verði þá skyldu á vinnuveitanda þegar verið er að bóna og þrifa gólf verslunar á vinnutíma starfsfólks að upplýsa það um aðstæður á vinnustað. Ljóst sé að þá skyldu hafi vinnuveitandi hans vanrækt. Það hafi og verið óforsvaranlegt að vera að bóna gólfið á þessum tíma. Hann telur að um vanrækslu hafi verið að ræða varðandi eðlilegar öryggisráðstafanir.

Óþarf er að geta nánar afstöðu aðila en vísað er til fyrirliggjandi gagna.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða vanbúnaðar sem hann ber ábyrgð á. Ljóst er að M vissi að ræstingarfólk var ennþá að störfum er hann mætti til vinnu sinnar snemma morguns talsvert áður en viðskiptavinir myndu koma í verslunina. Vegna vitneskju sinnar átti hann að gæta aukinnar aðgæslu.

Haft er eftir M í skýrslu lögreglu að hann hafi séð er hann mætti til vinnu sinnar kl. 07.00, að þá hafi ræstingarfólk ennþá verið að vinna í versluninni. Hann sá að verið var að skúra þennan part af gólfinu er hann var staddur inni á lagernum, “það var þá verið að undirbúa undir bón. Þegar þetta gerðist var ég í inniskóm en ég féll niður um leið og ég steig inn á gólfpartinn sem var blautur.” Hann kveðst ekki hafa séð að gólfið var blautt er hann gekk inn á það.

Þegar tekið er mið af framanrituðu virðist óhapp þetta mega rekja til aðgæsluleysis M er hann gekk um vinnustað sinn. Hafa ber og hugfast að M var nýkominn til vinnu sinnar eftir aðgerð

á hné og að hann var í inniskóm. Líkur eru fyrir því að þetta hafi átt sinn þá í því að M féll við er hann gekk um húsnæðið.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. desember 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2002

M
og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar heimilisverndar.

Meiðsl þann 26.07. 2000 og 14.12. 2000, ágreiningur um réttarstöðu
þ.e. hvort um slys hafi verið að ræða.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.10. 2002.
2. Órorkumat, dags. 12.06. 2002.
3. Bréf vátryggingafélagsins dags. 21.10. 2002, 19.09. 2002, 09.09. 2002.
4. Tjónstilkynningar.
5. Bréf lögmans M, dags. 13.09. 2002.
6. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 12.11. 2002, hjálagt fylgdu vátryggingaskilmálar, dags. 01.06. 2000.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 864/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Vátryggingafélagið lætur þess getið að M kveðst hafa orðið fyrir 3 slysum á árinu 2000. M hafi orðið fyrir slysi þann 28.07. 2000 er hafi verið tilkynnt félaginu 30.07. 2000. Hin slysin hafi ekki verið tilkynnt félaginu “með formlegum hætti fyrr en í ágúst 2002”, félaginu hafi þó áður þ.e. 19.02. 2002 borist umboð frá lögmanni M þar sem tilkynnt vað að viðkomandi myndi gæta hagsmuna M vegna þriggja slysa sem hún kvaðst hafa orðið fyrir á árinu 2000. Í ágúst 2002 hafi félaginu borist formlegar tjónstilkynningar vegna málsins. Í millitíðinni þ.e. í júní 2002 hafi félaginu borist órorkumat vegna þriggja slysa M á árinu 2000. Félagið getur þess að slysið 26.07. hafi orðið með þeim hætti að M var að undirbúa ferðalag, hún hafi verið “á gangi á sléttri gangstétt er hún missteig sig illa og fann hún strax til í hægri rístinni og hægri fætinum.” Slysið 28.07. 2000 sé óumdeilt og hafi félagið fallist á bótaskyldu þess er þar slasaðist M er hún féll við er hún var stödd erlendis. Slysið þann 14.12. 2000 hafi orðið með þeim hætti að M var að bóna gólf á heimili sínu er hún rann til á hálu gólfinu og bar fyrir sig vinstri höndina. Ekki sé ágreiningur um slysið þann 28.07. 2002. Félagið getur þess að M hafi verið með heimilstryggingu í gildi þegar slysin þann 26.07. 2000 og 14.12. 2000 áttu sér stað. Meðal skilyrða skilmála heimilisverndar um að slys sé bótaskyld er að um utanaðkomandi atburð sé að ræða. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki séð að þessu skilyrði sé fullnægt og því hafnar félagið bótaskyldu.

M telur bótaskyldu vera fyrir hendi og getur þess að Tjónanefnd vátryggingarfélaganna hafi fallist á bótaskyldu en vátryggingafélagið hafi hafnað að hlíta niðurstöðu þeirrar nefndar.

Álit.

Vátryggingafélagið telur að þau meiðsl sem M hlaut þann 26.07. 2000 er hún brotnaði á rist og er hún úlnliðsbrotnaði 14.12. 2000 uppfylli ekki skilyrði skilmála um skilgreiningu á slysi. Nefndin er ósammála þessu álitu félagsins, hún telur að M hafi slasast í skilningi vátryggingaskilmála í báðum tilvikum miðað við gögn málsins.

Samkvæmt vátryggingaskilmálum, 2. gr. I. kafla (sameiginleg ákvæði), skal vátryggingartaki og/eða þeir sem réttar njóta, tilkynna félaginu eins fljótt og auðið er verði tjón sem ætla má að vátryggingin nái til. Vanræksla á þessari skyldu getur haft í för með sér skerðingu eða missi bóta. Samkvæmt 11. gr. VI. kafla sömu skilmála skal tilkynna slys þegar í stað til félagsins. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina ber vátryggingafélagið því ekki við að skerða skuli réttarstöðu M vegna vanræktra ráðstafana eftir að tjón hefur orðið, félagið telur að umrædd

tilvik (meiðsl) falli ekki undir kröfu skilmála um utanaðkomandi atburð. Athygli vekur að meiðsl M skuli ekki hafa verið tilkynnt fyrir en á árinu 2002, en með hliðsjón af framanrituðu er ekki tilefni til þess að skerða réttarstöðu M með vísan til nefndrar 2. gr. I. kafla og 11. gr. IV. kafla váttryggingaskilmála.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi vegna slysa sem urðu 26.07. 2000 og 14.12. 2000.

Reykjavík 3. desember 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2002

M
og
Vátryggingafélagið X hf. v/ bifreiðarinnar A.

Umferðaróhapp á þjóðvegi nr. 1, Austurlandsvegi, austan við Jökulsárlón þann 28.4.2002.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1.11.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt upplýsingum úr ökutækjaskrá.
4. Bréf X, dags. 23.9. og 18.11.2002.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til vesturs eftir þjóðvegi nr. 1 vestan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Bifreiðin dró vélsleðakerruna B og í henni voru tveir vélsleðar. Á slyssað var mikill vindur og varla stætt á veginum í verstu vindhviðum að sögn lögreglu. A mun hafa verið ekið á 50-60 km hraða á klst., þegar snörp vindhviða mun hafa skolið á kerrunni. Við það lyftist kerran upp og tók A með sér. Missti þá ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni svo hún valt á hliðina. Fór hún um þrjár veltur.

Skemmdir urðu á A, svo og á B. Þess hefur verið krafist að tjón á B verði bætt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu, þar sem það telur að með því að B hafi verið tengd við A hafi B verið hluti af vagnlest A. B hafi ekki verið með hemlabúnaði og með því að tengja hana við A, sem ekki hafi verið gerð til að draga svo þungan eftirvagn sem B var, hafi eigandi B tekið áhættu og jafnframt sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þannig að bótaréttur hans eigi að falla niður. Loks er á því byggt að tjónið hafi ekki orðið vegna aksturs A heldur hafi sterk vindhviða feykt B og það valdið því að A valt.

Álit.

A var ekið á um 50 km hraða á klst., þegar óhappið varð. Verður ekki fram hjá því litið að allar líkur eru á að hraði bifreiðarinnar hafi átt þátt í því að B feyktist til og orsakaði síðan að ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni. Tjónið á B hlaust því af notkun A og skal sá er ábyrgð ber á ökutækinu bæta tjónið, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 5071987. B var sjálfstætt ökutæki sem var dregið af A. Engin haldbær rök eru fyrir því að líta beri á B sem hluta af A þannig að ábyrgðartrygging A taki ekki til tjóns á B. Ber því að bæta tjón á B úr ábyrgðartryggingu A nema sýnt sé fram á að sá sem fyrir tjóni varð hafi verið meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, en þá er heimilt að lækka eða fella niður bætur, sbr. 3. mgr. 88. gr. ufl. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi eiganda B. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telst tjónið á B bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Tjón á vélsleðakerrunni B bætist úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 3. desember 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 242/2002

Dánarbú M

og
V

Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líftryggingar

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.11.2002.
2. Bréf Lögmannna Höfðabakka 9 til Úrskurðarnefndar dags. 12.11.2002.
3. Bréf Lögmannna Höfðabakka 9 til Tjónanefndar dags. 23.09.2002.
4. Vátryggingaumsókn dags. 08.04.2002.
5. Bréf V til Lögmannna Höfðabakka 9 dags. 25.10.2002.
6. Bréf V til Úrskurðarnefndar dags. 20.11.2002 ásamt fylgigögnum nr. 1-21.
7. Bréf Úrskurðarnefndar til Lögmannna Höfðabakka 9 dags. 12.12.2002.
8. Bréf Lögmannna Höfðabakka 9 til Úrskurðarnefndar dags. 17.03.2003.
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 843/2002.

Málsatvik.

Samkvæmt líftryggingabeidni dags. 08.04.2002, sem samþykkt var samdægurs var M seld líftrygging og var M þá 56 ára. Í líftryggingarbeiðni kemur m.a. fram að M reykir, en hafi ekki og hafi ekki haft sjúkdóm/vandamál í hjarta, æðakerfi eða heilaæðum(t.d. heilaáfall) eða háan blóðþrýsting. Jafnframt kemur fram að M telur sig heilsuhrausta og að foreldri hafi ekki haft arfgenga sjúkdóma eða haft fyrir 66 ára aldur hjarta- eða æðasjúkdóm, heilaáfall, háan blóðþrýsting, sykursýki, nýrnasjúkdóm eða krappamein. Eftir andlát M var aflað frekari upplýsinga um fyrri heilsufar og var upplýst að M hefði legið á sjúkrahúsi 31.10.1992-11.11.1992 vegna háþrýstings og skammvinnis blóðþurrðarkasts í heilastofni. Jafnframt var upplýst um eldri heimsókn til hjartalæknis vegna tiltekinna sjúkdómsgreininga. Í gögnum um sjúkrahúsleguna í nóvember 1992 kemur fram M hafi verið á háþrýstingsmeðferð síðan í vor og saga um háþrýsting í móðurætt. Fram kemur og að M hafi áður haft líftryggingu hjá V, sem tekin var 1995, en sú trygging hafi fallið niður vegna vanskila. Í beiðni til grundvallar þeirri tryggingu kom ekkert fram um fyrri heilsufarsvandamál M og/eða sjúkrahúslegu. Í gögnum málsins eru engar upplýsingar frá læknum og/eða sjúkrahúsum um heilsufar M eftir sjúkrahúsleguna í nóvember 1992 og fram að andláti, en með bréfi 12.12.2002 hafði Úrskurðarnefnd óskað eftir upplýsingum um fyrri sjúkrasögu.

Álit.

Í skilmálum líftryggingarinnar kemur fram að grundvöllur líftryggingarsamningsins sé m.a. upplýsingar í vátryggingarumsókn og jafnframt er tekið fram að hafi rangar upplýsingar verið gefnar eða upplýsingum leynt fari um ábyrgð félagsins eftir ákvæðum laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. Í líftryggingarbeiðni skipta upplýsingar um fyrri heilsufar öllu máli um hvort vátrygging sé veitt og eru upplýsingar í vátryggingarbeiðni um að heilsufar hafi verið gott almennt lagðar til grundvallar án frekari skoðunar nema upplýsingar komi fram um fyrri sjúkdóma og/eða sjúkrahúslegu, sem gefa tilefni til frekari skoðunar. Í vátryggingarbeiðni er að engu getið mikilsveðra upplýsinga um fyrri heilsufar og er engum vafa undirorpið að vátryggingarbeiðnin hefði ekki verið samþykkt samdægurs, ef M hefði getið um sjúkrahúsleguna og vandamál henni tengdri. Beiðni hefði verið hafnað alfarið eða að svo stöddu og þá óskað eftir gögnum um heilsufar síðustu ára og upplýsinga um eftirmeðferð sjúkrahúslegunnar. Í bréfi Lögmannna Höfðabakka 9 frá 17.03.2003 kemur fram að ekki sé frekari gagna að vænta og að ekki hafi reynst unnt að varpa ljósi á sjúkrasögu frá útskrift í nóvember 1992. Í bréfi lögmannsstofunnar kemur ekki fram, hvort leitað hafi verið til heimilislæknis eða annarra lækna um upplýsingar um fyrri heilsufar. Með hliðsjón af þessum

skorti á upplýsingum um fyrri sjúkrasögu, sem málskotsaðili ber hallan af og þeim takmörkuðu upplýsingum um fyrra heilsafar, sem þó liggja fyrir, er bótaábyrgð hafnað.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 25. mars 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2002

M

(tjónþoli, starfsmaður H)

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs H.

Vinnuslys 06.03. 2000, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.11. 2002, ásamt skjölum merktum nr. 1 – 11 þ.á m. skýrslur lögreglu, bréfaskipti aðila.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.11. 2002, þar sem hjálagt fylgdi afrit af bréfi félagsins til tjónanefndar, dags. 23.09. 2002 og bréfi lögmanns tjónþola, dags. 09.04. 2001.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 866/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Slysið varð er M, sem var 19 ára verkamaður hjá vátryggingartaka, var við störf sín við jarðvinnuframkvæmdir. Voru tildrögin þau að frostköggull á stærð við skókassa féll af skurðbarmi ofan í skurð þann sem M var að vinna við og lenti ofan á hendi hans með þeim afleiðingum að hann handarbrotnaði. Stór beltagrafa var í notkun nálægt skurðbarminum en verið var að sanda skurðinn. Mikið frost hafði verið og allt jarðefni frosið. Skurðurinn mun hafa verið 2-3 metra djúpur.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi. Slysið megi rekja til gáleysis gröfumanns vátryggingartaka og óforsvaranlegra vinnuáðstæðna og verkstjórnar á staðnum, sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt almennum reglum um húsbóndaábyrgð. Stuðst sé við 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ekki hafi verið gerðar fyrirbyggjandi ráðstafanir til þess að varna því að hrúnið gæti úr bakka skurðsins. Vísað er til leiðbeininga Vinnueftirlits ríkisins nr. 2/1990 um öryggi við skurðgröft og gryfjur sbr. nánar umfjöllun í málskotinu. Bæði verkstjóri og gröfumaður hafi vitað að M var ofan í skurðinum og hafa verði hugfast að “hér er um ferlíki að ræða, 24 tonna beltagröfu.” M telur að honum verði ekki virt það til sakar að hafa verið ofan í skurðinum að sinna störfum sínum, hann hafi sýnt alla þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast.

Félagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi stjórnanda gröfunnar, ófullnægjandi verkstjórnar eða öryggisráðstafana, óforsvaranlegra vinnuáðstæðna eða annarra atvika sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Slysið megi rekja til óhappatilviks, sem ekki hafi verið fyrir séð og starfsmönnum vátryggingartaka verði ekki kennt um. Telur félagið að umræddur frostköggull hafi fallið ofan í skurðinn vegna titrings frá gröfunni eða þunga hennar þar sem henni var ekið u.þ.b. 1 meter frá skurðbarminum. Hafi stjórnanda hennar orðið þessa var og reynt að vara M við, en án árangurs. Félagið telur að áðstæður hafi ekki verið hættulegri en almennt gerist í jarðvinnu og að slyshætta af þessum orsökum sé hverfandi, ef eðlileg aðgát er viðhöfð. Félagið telur að ekki verði séð að verkstjórn hafi verið áfátt.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var óvarlegt að láta M, sem var ungur að árum einungis 19 ára verkamaður, vera í skurðinum á sama tíma og grafan var að störfum einungis u.þ.b. 1 meter frá skurðbarminum. Hér var um stóra beltagröfu að ræða, 24 tonn miðað við málskotið. Gera mátti ráð fyrir þeim möguleika að það kynni að falla stykki úr skurðbarminum. Fullvíst má telja að umræddur frostköggull hafi fallið í skurðinn vegna titrings frá gröfunni.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum þ.á m. frásögnum aðila, er skaðabótaskylda fyrir hendi samkvæmt fyrirbyggjandi váttryggingu. Hana má rekja til gáleysis gröfumanns váttryggingartaka og óforsvaranlegra vinnuaðstæðna og verkstjórnar sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Stjórnanda gröfunnar og verkstjóra máttu vera ljóst að hætta var á ferðum og að óvarlegt væri að hafa starfmann í skurðinum á sama tíma og grafan var að athafna sig á skurðbarminum. Breytir ekki framanrituðu þó stjórnandi gröfunnar hafi reynt að vara M við þegar hann sá hvernig verða vildi. Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið váttryggingafélagsins að aðstæður hafi ekki verið hættulegri en almennt gerist í jarðvinnu. Slysahætta af þessum orsökum á að vera hverfandi ef eðlileg aðgát er viðhöfð en hana vantaði í máli þessu.

Ekki er tilefni til þess að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt umræddri ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 10. desember 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2002

M
og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns bifreiðar

Umferðaróhapp, bifreið ekið út af Sauðárkróksbraut, þann 25.08. 2002, ágreiningur um réttarstöðu ökumanns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11. 2002.
2. Skýrslur lögreglu vegna umferðaróhappsins og meintrar ölvunar við akstur.
3. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 28.10. 2002.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.11. 2002.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 985/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss M þann 25.08. 2002. M hafði verið á dansleik til kl. 03.00 að nóttu þar sem hún neytti áfengis. Skömmu síðar eða um kl. 05.30 ók hún umræddri bifreið út af vegi. Í skýrslu lögreglu kemur fram að greinilegan áfengisþef hafi lagt frá vitum ökumannsins. Var tekið blóðsýni á sjúkrahúsinu á Akureyri sem sýndi 0,87 0/00 áfengismagn í blóði. Vátryggingafélagið getur þess að það er 100 kílómetra vegalengd frá slysstað til Akureyrar, sem tekur meira en klukkustund að aka. Því hafi áfengismagn að öllum líkindum verið enn meira í blóði M þegar óhappið varð. Félagið telur að M hafi með því að aka undir áhrifum áfengis sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og með því fyrirgert bótarétti sínum sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi.

Álit.

Í málskotseyðublaðinu er þess getið að heiti þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sé kaskótrygging. Tjónanefnd vátryggingarfélaganna fjallaði í máli 985/2002, sem vísað er til í málskotinu, umréttarstöðu vegna slysatryggingar ökumanns. Í röksemdum vátryggingafélagsins er einungis vikið að slysatryggingu ökumanns. Með hliðsjón af framanrituðu er málatilbúnaði M nokkuð áfátt. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna mun nefndin einungis fjalla um réttarstöðu M samkvæmt slysatryggingu ökumanns en ekki kaskótryggingu bifreiða. Ekki liggja fyrir í göngum málsins upplýsingar um líkamstjón M, en skemmdir urðu á bifreiðinni er henni var ekið út af veginum.

Samkvæmt 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga má lækka bætur fyrir líkamstjón eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hafði M ekki stjórn á bifreiðinni. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga má enginn stjórnari ökutæki ef hann vegna svefnleysis eða neyslu áfengis er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. sömu laga má enginn stjórnari vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis. Í 2. mgr. 45. gr. er þess getið að ef vándandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50 0/00 en er minna en 1,20 0/00, líkt og í tilviki M, telst hann ekki geta stjórnað ökutækinu örugglega.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má fullvíst telja að M hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Nefndin telur að hann hafi mátt vita að hann hefði þurft að láta lengri tíma líða frá því hann neytti áfengis þar til hann hóf akstur bifreiðarinnar. Virðist orsakasamband vera milli umferðaróhappsins og ástands M í umrætt sinn. Hann ók út af vegna þess að hann hafði ekki stjórn á bifreiðinni.

Með hliðsjón af framanrituðu og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga er greiðsluskylda vátryggingafélagsins úr slysatryggingu ökumanns ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins úr slysatryggingu ökumanns er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 10. desember 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 256/2002

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys þann 10.7.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.11.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning, dags. 17.12.2002.
4. Lögregluskýrslur ásamt ljósmynd.
5. Bréf lögmanns M, dags. 11.4. og 16.10.2002.
6. Bréf R, dags. 18.6.2002.
7. Bréf X, dags. 1.5., 11.11. og 9.12.2002.

Málsatvik.

M, sem er vélvirki að mennt, vann í aukavinnu hjá fyrirtækinu R í Hafnarfirði og voru ráðningarkjör hans á einhvers konar verktakagrundvelli. Þann 10.7.2001 vann M á athafnasvæði R við að rétta ýtutönn á hjólagröfu, sem þá nýverið hafði komið illa viðgerð af vélaverkstæði. Er hann hafði búið undir tönnina mun hún hafa runnið til með þeim afleiðingum að hún féll af undirstöðum sínum og varð hægri hönd hans undir tönninni. Fjórir fingur handarinnar sködduðust, einkum vísifingur sem taka varð af við annan lið.

M kveður S, fyrirsvarsmann R, hafa beðið sig um að vinna verkið ásamt aðstoðarmanni. Hafi S sagt fyrir um það hvernig best væri að standa að því að rétta tönnina. Viðardrumbum hafi verið stillt undir hvorn enda tannarinnar í 7-10 cm hæð. Þá var hugmyndin að hita brotið í tönninni með gasloga og þrýsta því síðan niður með glussatjakki á vörubifreið. M kvaðst hafa notað lyftara til að koma tönninni fyrir á drumbunum, sem aðstoðarmaður hans hafi stillt af. Að svo búnu kvaðst M hafa kannað hvernig afstaða tannarinnar var miðað við glussatjakkin. Þótti honum afstaðan ekki alveg rétt og hugðist hann reyna að hnika tönninni til með handaflí. Um leið og hann tók á tönninni vó hún salt á undirstöðinni og skall í jörðina með fyrrgreindum afleiðingum. M kvað réttast hefði verið að setja tönnina í rétttingarbekk á vélarverkstæði, en slíkur búnaður var ekki á staðnum, en til að spara tíma og peninga hafi verið notað það sem þar var til staðar. Hann kvaðst ekki hafa gert neinar athugasemdir við að vinna verkið á þann hátt sem reynt var.

S kvaðst hafa falið M að lagfæra ýtutönnina. Meiningin hafi verið að standa að verki eins og M hafði lýst og kvað S ekkert hafa verið athugavert við það verklag, enda undirlag stæðisins, þar sem verkið var unnið, verið slétt og vel þjappað. Hann hafi treyst M fullkomlega til verksins, enda væri hann vélvirkjameistari og óþarfi að standa yfir honum við verkið.

Aðstoðarmaður M taldi víst að S hafi sjálfur sagt fyrir um það hvernig staðið skyldi að viðgerð á tönninni. Hann kvaðst hafa aðstoðað M við að hlaða undir tönnina með spýtukubbum og stilla tönnina af. Bæði hann og M hafi gengið úr skugga um það, eins og kostur hafi verið, að tönnin væri stöðug á undirstöðunum. Hafi hann m.a. hoppað ofan á enda tannarinnar og hafi hún ekki haggast við það. Að því loknu hafi hann horfið til annarra verka í fyrirtækinu og hafi hann ekki orðið vitni að slysinu.

Í tjónstilkynningu R til tryggingafélags síns, sem er undirrituð af S, kemur fram að tjónið hafi orðið vegna lélegs búnaðar og ófullnægjandi vinnubragða. Rétt hefði verið að rétta tönnina í rétttingarbekk og auk þess hafi undirstaðan, sem starfsmaður R hafi hlaðið, ekki verið nógu traust. Þá er svarað neitandi að tjónþoli beri ábyrgð á tjóninu, en tryggingartaki beri á því

ábyrgð. Ástæða fyrir þessu álit er sögð vera sú að röng aðferð hafi verið valin og mistök starfsmanna við hleðslu á undirstöðu.

Álit.

Ekki verður með skýrum hætti ráðið hvað olli því að ýtutönninn féll ofan á hönd M. Virðist helst að tönninn hafi ekki verið nægilega vel skorðuð á undirstöðunum og hún því runnið af þeim. Ennfremur má ætla að sjálfar undirstöðurnar hafi ekki verið nógu traustar.

S, sem fyrirvarsmaður R, fól M að gera við ýtutönnina. M og aðstoðarmaður hans kveða S hafa gefið fyrirmæli um það hvernig staðið var að viðgerðinni. S kvað hins vegar ekkert hafa verið athugavert við það hvernig framkvæma átti verkið. Hvernig sem ráðningarkjörum M var háttað hjá R verður að líta svo á að S hafi haft verkstjórnarvald yfir M og borið að gæta þess að fyllsta öryggis væri gætt við þau störf sem M innti af hendi í þágu R. Staðið var að viðgerð tannarinnar með óvenjulegum og varasömum hætti. Þá verður að telja að vinnuaðstæður og tæki sem notuð voru hafi verið óviðunandi. Verður slysið rakið til þessa. Ljóst er af gögnum málsins að S hafði slík afskipti af viðgerðinni og hvernig að henni var staðið að hjá því verður ekki komist að fella bótaábyrgð á R vegna líkamstjóns M. M tók sjálfur þátt í undirbúningi verksins og gerði engar athugasemdir þar að lútandi. Hann átti, ekki síður en S, að gera sér ljósa grein fyrir þeirri hættu sem stafaði af því að standa að verki eins og gert var. Á hann einnig verulega sök á því hversu hrapallega fór. Eftir atvikum þykir rétt að hann beri sjálfur tjón sitt að helmingi vegna eigin sakar og R beri ábyrgð á því að hálfu.

Niðurstaða.

R ber bótaábyrgð á líkamstjóni M að hálfu.

Reykjavík, 18. desember 2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar

Umferðaróhapp á Skúlagötu í Reykjavík við útkevrslu frá bílageymslu þann 17.7.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.11.2002.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning ökumanns A ásamt framburði vitnis og afstöðuteikningu.
4. Skýrsla vátryggingartaka og dóttur þeirra.
5. Bréf X, dags. 4.11., 13.11. og 16.12.2002.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið frá bifreiðageymslu að Klapparstíg 7 áleiðis út á Skúlagötu í námunda við Björnsbakarí. Í sömu svifum kom 12 ára gömul stúlka, S, á reiðhjóli eftir gangstétt meðfram Skúlagötu á leið til austurs. Lenti reiðhjólið aftarlega á vinstri hlið A.

Í tjónstilkynningu ökumanns A kemur fram að bifreiðin hafi verið kyrrstæð fyrir framan dyr bifreiðageymslunnar, þegar S hafi komið hjólandi eftir gangstéttinni og lent á hlið A. S hafi ekki verið að horfa fram fyrir sig, þegar óhappið varð.

Í skýrslu vitnis, sem var farþegi í A, segir að ökumaður A hafi stöðvað bifreiðina fyrir framan dyr bifreiðageymslunnar til að loka dyrunum. Þá hafi S komið hjólandi og lent á afturhurð A. Hún hafi verið að horfa aftur fyrir sig og verið að fylgjast með litlum dreng sem var í fylgd hennar á öðru hjóli. S hafi ekki séð A þótt vitnið hafi æpt upp og sökum þess hversu hratt hún hjólaði náði hún ekki að stöðva.

Í skýrslu foreldra S, sem einnig er undirrituð af henni, segir að S hafi verið að hjóla eftir gangstétt við Björnsbakarí. Hún hafi litið aftur fyrir sig og er hún leit aftur fram fyrir sig hafi A komið akandi út úr bifreiðageymslunni og yfir gangstéttina. S hafi ekki náð að hemla hjólinu og lenti á vinstri hlið A, en A hafi numið staðið eftir að S lenti á henni.

Álit.

Óumdeilt er að S leit aftur fyrir sig rétt áður en hún rakst á A. Ökumaður A og vitni í bifreiðinni bera að A hafi verið kyrrstæð einhverju áður en óhappið varð. Verður að leggja það til grundvallar við sakarmat. S var tæplega 13 ára gömul. Hún hafði litið aftur fyrir sig og varð ekki vör við A fyrr en í óefni var komið. Hún sýndi ekki næga aðgæslu er hún hjólaði eftir gangstéttinni í umrætt sinn. Verður hún talin eiga sök á því tjóni sem varð á A. Eins og mál þetta liggur fyrir eru ekki næg efni til að leggja meðábyrgð á ökumann A.

Niðurstaða.

S ber ábyrgð á tjóni sem varð á A.

Reykjavík, 14. janúar 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 261/2002

M v/bifreiðar

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Skemmdir á bifreið sem ekið um gatnamót þann 16.10. 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.11. 2002, ásamt gögnum merktum nr. 1 – 7.
2. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 16.12. sl., ásamt afriti af bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingafélaganna dags. 04.11. sl., yfirlýsingu tjónþola dags. 04.11. sl., ljósmynd sem fylgdi lögregluskýrslu og skýrslu vátryggingartaka dags. 22.10. sl.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1015/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Ágreiningur aðila er um hvort bótaskyld tjón hafi átt sér stað vegna skemmda á umræddri bifreið er hún skall á skarpa malbiksbrún, þar sem malbikið hafði verið fræst niður vegna viðgerða af hálfu vátryggingartaka. Eitt viðvörunarskilti var staðsett á umferðareyju skammt frá fræsingunni, þar sem varað var við hvössum brúnum og sést staðsetning þess á fyrirliggjandi ljósmynd. Það var þurr, bjart og sólskin. Bifreiðin var búin “low profile” hjólbörðum sem leiðir til þess að högg á felgu verður mun meira en ella. Sagður ökuhraði er 50-60 km/klst, sem er hámarkahraði á þessum stað.

Vátryggingafélagið telur ósannað að tjónið megi rekja til ófullnægjandi varúðarmerkinga eða vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka. Varúðarmerki hafi verið staðsett nokkrum metrum áður en komið var að fræsingunni. Félagið telur merkinguna fullnægjandi í skilningi 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Merkingin hafðu átt að vera góðum og gegnum öikumönnum vel sýnileg og gefa þeim nægjanlegt ráðrúm til þess að bregðast við ef ökuhraði er eðlilegur.

Málskotsaðilinn telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Viðvörunarskilti hafi einungis verið staðsett á eyju á miðjum umferðarljósum 3 metra frá þeim framkvæmdum sem vara átti við. Um sé að ræða fjölfarin gatnamót. Hann telur merkinguna ófullnægjandi sbr. 86. gr. umferðarlaga sbr. og verklagsreglur Vegagerðar og reglna lögreglu. Hann telur að skyld hafi verið að ganga betur frá merkingum og að þessi ágalli hafi verið orsakavaldur tjónsins.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum var óvarlegt af framkvæmdaraðila að staðsetja varúðarmerkingu einungis um 3 metrum frá þeim stað sem malbikið hafði verið fræst. Með hliðsjón af framanrituðu og 86. gr. umferðarlaga er fallist á bótaskyldu samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu tjónþola, hann ók um fjölfarin gatnamót að því er virðist á löglegum ökuhraða og skyndilega birtist varúðarmerking um hættu skammt framundan. Bifreiðin var og útbúin löglegum dekkjabúnaði.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins.

Reykjavík 14. janúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 274/2002

M
og
A
og
V

Bifreið ekur á hund á Miðnesheiði 05.07.2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 09.12.2002.
2. Skýrsla lögreglu dags. 10.07.2002.
3. Tjónstilkynning eiganda hunds til V dags. 22.10.2002.
4. Tjónsskoðun vegna bifreiðar.
5. Bréf A til Úrskurðarnefndar dags. 02.03.2003.
6. Bréf V til Úrskurðarnefndar dags. 08.01.2003.
7. Bréf eiganda hunds til Úrskurðarnefndar dags. 08.01.2003.
8. Samþykkt um hundahald í Miðneshreppi og víðar dags. 01.09.1987.
9. Samþykkt um hunda- og kattahald í Hrisey.
10. Umsókn um leyfi til hundahalds.
11. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 1025/2002.

Málsatvik.

Föstudaginn 05.07.2002 um kl. 17.00 var bifreið, sem tryggð var lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja hjá A, ekið Sandgerðisveg til austurs. Hundurinn B hljóp skyndilega í veg fyrir bifreiðina og náði ökumaður bifreiðarinnar ekki að stöðva með þeim afleiðingum að hundurinn varð fyrir bifreiðinni og drapst. Bifreiðin var sögð á 90 km hraða miðað við klukkustund, veður var skýjað og rigning og akbraut malbikuð. Nokkru áður hafði eigandi hundsins verið að þjálfa hundinn og var staddur allfjarri veginum. Þegar þjálfun var lokið og hundurinn kominn inn í bifreið og sérstök þjálfunaról verið losuð af hundinum gerðist það að hundurinn hljóp eða stökk frá eiganda sínum, en eigandi segir hundinn hafa fælst þegar spói hafi flogið hjá. Hundurinn virðist hafa komist út úr bílnum um opna hurð eða glugga og hvarf eiganda sjónum. Við leit að hundinum kom eigandi þar að er ekið hafði verið á hundinn.

Álit.

Um tjón af völdum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja gildir eins og kunnugt er hlutlæg bótaábyrgðarregla og ber eigandi skráningarskylds ökutækis ábyrgð, án tillits til sakar, á tjóni af völdum bifreiðarinnar, en heimilt er að lækka bætur eða fella niður vegna tjóns á munum vegna sakar eiganda munar. Óumdeilt virðist í málinu að á vettvangi hafi verið í gildi samþykkt um hundahald, sem kveður á um að hundar skuli vera í taumi á almannafæri. Óumdeilt er og að ábyrgðartrygging hundsins hjá V taki til þess tjóns á bifreiðinni er hlaust af lausagöngu hundsins og eigandi hundsins kann að bera ábyrgð á lögum samkvæmt. Nokkuð þykir á skorta á að eigandi hundsins hafi sýnt þá varkárni er krafist er við meðferð óþjálfðra hunda og þykir með hliðsjón af atvikum rétt að lækka bætur til eiganda hundsins um helming vegna eigin sakar. Hundurinn var ábyrgðartryggður og þykir rétt að bótaréttur eiganda bifreiðarinnar vegna tjóns á bifreiðinni sé að hálfu í samræmi við bótarétt eiganda hundsins, en ábyrgð verður ekki lögð á eiganda hundsins nema á grundvelli sakar.

Niðurstaða.

Tjón á bifreiðinni bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu hundsins B. Tjón eiganda hundsins B bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík 21. janúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á tröppum í október - nóvember 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.12. 2002.
2. Tölvupóstssamskipti M og vátryggingafélagsins.
3. Bréf frá pípulagningarmeistara, dags. 15.10. 2002.
4. Bréf vátryggingafélagsins til tjónanefndar, dags. 10.09. 2002.
5. Vátryggingarskilmálar.
6. Teikningar viðkomandi fasteignar.
7. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar, dags. 02.01. 2003.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1009/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M lætur þess getið m.a. að fyrir u.þ.b. tveimur árum hafi farið að leka úr hitalögn í tröppum fasteignar hans, með þeim afleiðingum að tröppur og flísar sprungu. Hann telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Tröppur séu hluti fasteignar og myndi stofn við útreikning á iðgjaldi. Vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Hann telur bæði um að ræða að lögnin sé inni í vegg og að veggurinn sé innan veggja hússins.

Vátryggingafélagið vísar til greinar 18.1 í skilmálum þar sem fram kemur að vátryggingin bæti eingöngu skemmdir af völdum vatns sem á upptök sín innan veggja húseignar. Það telur að tjónið eigi ekki upptök sín innan veggja hússins heldur utan þess. Tröppurnar séu utan veggja hússins.

Álit.

Samkvæmt skilmálum bæti vátryggingin skemmdir sem verða á vátryggðri húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja húss og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að umræddur vatnsleki hafi ekki átt upptök sín innan veggja hússins í skilningi skilmála, heldur í tröppum utanhúss. Ekki hefur verið sýnt fram á að leggja skuli annan skilning til grundvallar.

Fyrirliggjandi er bréf pípulagningarmeistara sem athugaði vettvang fyrir u.þ.b. tveimur árum. Hann getur þess að rör (snjóbræðslukerfisins) hafi verið fest “með bindivír við járnagrindina, vírinn hefur skorið gat á rörin víða, lögnin hefur frosið og rörir hafa víða skemmst.” Með vísan til þessa virðist frágangur snjóbræðslukerfisins hafa verið ábótavant. Með hliðsjón af framanrituðu virðist ekki unnt að rekja tjónsatburð máls þessa til skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum eða hitakerfi hússins.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. janúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2002

**Málskotsaðili M (vátryggingartaki/vátryggður)
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar**

Tjón á upptökuvél þann 15.07. 2002, ágreiningur um bótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.12. 2002.
2. Tjónstilkynning.
3. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar, dags. 02.09. 2002.
4. Tjónsannáll.
5. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar, dags. 23.12. 2002.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 789/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Samkvæmt gögnum málsins var M að handleika upptökuvél í heimsókn hjá kunningja sínum þegar hann skyndilega missti vélina í gólfíð þannig að hún eyðilagðist. M mun hafa haft hug á því að kaupa sé slíka vél.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð, það telur að ekki sé um að kenna gáleysi M heldur sé hér um óhappatilvik að ræða sem ekki sé skaðabótaskyldt samkvæmt íslenskum skaðabótareglum. Tjóninu hafi ekki verið valdið með saknæmri háttsemi.

M telur sig vera með vátryggingu sem taki ábyrgð á tjóni sem hann veldur öðrum. Upptökuvélin hafi staðið á borði, og “þar sem ég var að hugsa um að fá mér vél, tek ég vélinu upp og fer að skoða hana nánar. Skyndilega missi ég vélina úr höndunum og féll vélin í gólfíð....”

Álit.

M var í heimsókn hjá kunningja sínum, sem getið er í gögnum málsins. Hann handlék upptökuvél en missti hana í gólfíð. M mun hafa verið að hugsa um að kaupa sér vél, þess vegna handlék hann vélina.

Þegar tekið er mið af framanrituðu, fyrirliggjandi gögnum, aldri M og erindagjörðum, verður að telja að það hafi verið gáleysi af honum að missa vélina úr höndum sínum. Ekki er unnt að líta svo á að hér sé um óhappatilvik að ræða. Gera verður þá kröfu til aðila, í tilviki sem þessu, að þeir gæti þess að missa ekki þá hluti sem þeir handleika. Breytir ekki framanrituðu þó hann hafi verið í heimsókn hjá kunningja sínum. Ekki er tilefni til að efast um réttmæti frásagnar M, miðað við gögn málsins. Með hliðsjón af framanrituðu má rekja tjónsatburð máls þessa til gáleysis M, sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. janúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.